

Fuglalíf á Álftanesi

Fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum árið 2014



Mars 2015
Jóhann Óli Hilmarsson
Ólafur Einarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Ágrip	3
Inngangur	5
Athugunarsvæði	5
Aðferðir	8
Niðurstöður	10
Fjörusvæði	10
Tjarnir	18
Tún og mýrar á Álftanesi	22
Vetrarfuglatalningar	24
Fuglaskrá	28
Spendýr	61
Verndun tegunda og svæða	61
Núverandi friðlýsingar	61
Svæði	62
Fuglar	64
Lokaorð	66
Heimildir	66
Viðaukar	68

Forsíðumynd: Margæsir á beit í sjávarfitjungu og rauðbrystingar og kríur í flóðsetri 19. maí 2014. Handan Skógtjarnar eru sílamáfar í varpi og forsetasetrið ber í Esjuna.

Ljósmyndir eru allar teknar á Álftanesi af JÓH. Loftmyndir eru af Örnefnasjá Landmælinga.



1. mynd. Horft suður yfir Rana, Lambhúsatjörn, Eskines, Gálgahraun yfir til Keilis, Selsvallaháls og Práinsskjaldar 19.8.2008.

Ágrip

Að beiðni Umhverfisnefndar Garðabæjar var fuglalíf í fjörum, grunnsævi og tjörnum á Álftanesi, frá Bala að Eskinesi, skoðað frá því í mars og fram í október 2014. Jafnframt voru farfuglar taldir annars staðar þar sem þeir sýndu sig, en það var aðallega í túnnum. Reglulegar talningar á fuglum yfir háveturinn á 10 ára tímabili voru skoðaðar og talningin 2014 tekin með í þessa samantekt. Aldrei fyrr hefur fuglalíf á Álftanesi verið vaktað með þessum hætti. Þær rannsóknir sem aðallega hafa verið gerðar á Álftanesi hafa beinst að varpfuglum, ferðum og beit margæsa og talningum yfir styttri tímabil á afmörkuðum svæðum.

Fuglar voru frá rúmlega 2000 uppí tæplega 9000 í talningunum. Fæstir í mars, en flestir á fartíma á vori og var 19. maí hámarksdagur. Minni toppur var síðsumars, 29. júlí, en þá var „haustfarið“ hafið og mikil sílaganga dró að sjófugla.

Fjörurnar höfðu mismikið aðdráttarafi fyrir fugla. Fuglar sóttu víða í fjörur frá Bala að Hliðsnesi, sérstaklega vaðfuglar, en stökkönd, æðarfugl, hávella, dílaskarfur og máfar skipuðu sér á grunnsævi. Skógtjörn er mjög mikilvæg sem flóðsetur fyrir vaðfugla og kríu. Þar eru fæðustöðvar margæsar, sem sækir í sjávarfitjung (forsíða), grágæsar í graslendi og æðarfugls og toppandar, sem kafa eftir botndýrum og fiski. Lífríki á fjörum og grunnsævi frá ósi Skógtjarnar að Hrakhólum er afar fjölbreytt. Vaðfuglasvæði eru t.d. leira við Lambhaga við ós Skógtjarnar, Helguvík, Sandskarð, Hrakhólmar og Grandi. Melshöfði og Hrakhólmar eru mikilvægir staðir fyrir skarfa, æðarfugla og máfa. Stærstu sjófuglahóparnir sáust í nágrenni við Hrakhólma, hundruð æðarfugla og kría voru þar í æti síðsumars og framá haust. Talsvert af fýl, súlu, ritu og lunda leituðu einnig ætis þar, en þessir fuglar sáust lítið eða ekki annars staðar. Frá Hrakhólum að Eyri eru einsleitar þangfjörur og þar var minna af fugli en á öðrum fjörusvæðum. Frá Eyri að Rana eru fjölbreyttari fjörur og ein helsta leira Álftaness er í Seylunni, þangað sækja m.a. tjaldar og fleiri vaðfuglar. Stórt æðarvarp er í Bessastaðanesi og því er engin furða þó æðurin sé algeng allt í kringum nesið. Þar er jafnframt allstórt sílamáfsvarps og grágæsir tíðar. Síðasta fjörusvæðið er Lambhúsatjörn. Þar eru víðast þangfjörur, en í víkurbotnum leirublettir. Æður, toppönd og hávella leita sér ætis á grunnsævinu, meðan margæs sækir á sjávarfitjar og grágæs í fjörur og graslendi kringum Lambhúsatjörn. Sílamáfar úr Gálgahrauni og Garðaholti eru algengir í og við fjöruna.

Þrjár tjarnir gera sig gildandi á Álftanesi og er Bessastaðatjörn þeirra langstærst og með fjölbreyttasta fuglalífinu. Hinar eru einnig þekktar fuglatjarnir: Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn. Andfuglar eru einkennandi á öllum tjörnunum. Bessastaðatjörn er jafnt farstaður, varpstaður og fellistaður. Nærri 1000 grágæsir, 160 skúfandarsteggir og 40 álftir felldu þar flugfjaðrir um sumarið. Sjaldgæfar andategundir, skeiðönd og gargönd, verpa við Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn. Fáeinir minni tjarnir eru á Álftanesi, en nokkrar tjarnir hafa verið fylltar upp eða ræstar fram í áranna rás.

Fuglar voru taldir á nokkrum túnnum og óræktarsvæðum, sérstaklega á þeim sem margæsir og grágæsir sóttu í, en ýmsir fuglar eins og heiðlóur, máfar og starar sóttu einnig í þetta búsvæði. Helstu tún voru kringum Bessastaði, bæði suðaustan (ásamt Kringlumýri), sunnan og vestan við. Tún við Pálsbæ og Dysjar og milli Stekkjar og Jörfavegar voru vinsæl. Mörg önnur tún voru notuð af fuglum (5. og 36. mynd).

Árið 2014 fundust 70 tegundir af þeim 129 sem vitað er að hafi sést á Álftanesi og ein undirtegund. Sumir þessara fugla hafa aðeins sést einu sinni. Álftanes er

sérstaklega mikilvægt fyrir margæsina, þar sem yfir 5% stofns kviðljósu undirtegundirnar hefur þar viðkomu á vorin. Nesið var mikilvægt fyrir rauðbrysting, en honum hefur fækkað þar á undanförunum árum af ókunnum ástæðum. Það er jafnframt mikilvægt fyrir grágæs, hina sjaldséðu skeiðönd, skúfönd, æðarfugl, tildru, sílamáf og fleiri fuglategundir.

Sérstaða Álftaness sem byggðar liggur í hinum nánú tengslum mannfélagsins við náttúruna og allt framtíðarskipulag hlýtur að miða að því að viðhalda þessum tengslum; fólk, fuglar og fjaran ásamt tjörnum og óbyggðum, óræktuðum svæðum. Túnin eru einnig mjög mikilvæg, sérstaklega fyrir margæsina, sem er tákn vorsins á Álftanesi. Það verður því að halda einhverjum túnnum í rækt, ef talið er æskilegt að halda í þann fjölda margæsa sem kemur við á vorin. Álftanesið er mikil náttúruperla, þar eru mörg svæði sem hafa hátt verndargildi, það verður því að stíga varlega til jarðar við allt skipulag og framkvæmdir. Það liggur beinast við, eftir sameiningu sveitarfélaga, að ljúka friðlýsingarferli fjörunnar (Skerjafjörður), frá Skógtjörn að Lambhúsatjörn. Jafnframt að friðlýsa ófriðaða hluta Kasthúsatjarnar, Breiðabólstaðatjörn og Bessastaðatjörn ásamt bökkum. Skoða þarf hvernig málum helstu óbyggðra svæða verður best háttáð fyrir fugla og fólk í framtíðinni.



2. mynd. Horft norðaustur eftir Lambhúsatjörn og Bessastaðanesi í átt að Kársnesi og Fossvogi.

Inngangur

Að beiðni Erlu Biljar Bjarnardóttur, umhverfisstjóra Garðabæjar, tókum við að okkur að kanna fuglalíf í fjörum og á tjörnum á Álftanesi árið 2014. Allrækilega hefur verið fylgst með ferðum og beit margæsa og jafnframt varpfuglum á Álftanesi á síðustu áratugum, en upplýsingar skorti um notkun fugla á fjörum og grunnsævi, svo og á tjörnunum utan varptíma.

Alls var talið 12 sinnum á tímabilinu 22. mars til 26. október. Talningarsvæðið var um 24 km strandlengja ásamt Hrakhólum, auk allra tjarna og túna á Álftanesi, frá Bala að Eskinesi. Jafnframt voru skoðaðar svonefndar vetrafuglatalningar Náttúrufræðistofnunnar á Álftanesi yfir 10 ára tímabil. Helstu skýrslur um fuglalíf á Álftanesi til þessa er umfjöllun Guðmundar A. Guðmundssonar um varpfugla 2003–04 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004) og skýrsla Ævars Petersens og Árna Davíðssonar (1993) um varpfugla Bessastaða og nágrennis árið 1992.

Athugunarsvæði

Álftanes gengur fram milli Hafnarfjarðar og Skerjafjarðar. Það er láglent, vogskorið og þar eru víða sjávarlón eða tjarnir. Ef farið er hringferð um Álftanes, lagt upp sunnanmegin og farinn réttisælis hringur, ber fyrst að nefna Balatjörn, ísalta tjörn innan við fjörukambinn við Bala. Frá Bala í Hliðsnes skiptast á þangfjörur og sandfjörur. Dæmi um sandfjörur eru Dysjamöl við Bala og Bakkafjara frá Bakka að Miðengi. Hliðsnesið er annars með þangfjöru. Sjá má örnefni á 3. og 4. myndum.

Skógtjörn er allstórt sjávarlón með ós milli Hliðsness og Hliðs. Ósinn er þröngur og seinkar fallaskiptum. Við Skógtjörn eru víða sjávarfitjar, t.d. við grandann úti Hliðsnes (Skerplu) og leirur eru innst (í Hausastaðatjörn). Umhverfis Hlið eru þangfjörur, en talsverð leira eru þó sunnan við nesið, milli Lambhaga og Melshöfða. Melshöfði er tangi eða flæðisker, þar sem miklar þanghrannir koma upp á fjöru. xxx

Norðan Hliðs er Helguvík, með sandfjöru í víkurbotninum. Hrakhólmar eru tvö sker eða hólmar norðvestan við Álftanes. Þeir eru tengdir landi með granda, sem flæðir yfir á flóði og nefnist Grandi, nyrðri hólminn nefnist Eyvindarstaðahólmi og sá syðri Sviðholtshólmi. Fjaran næst grandanum er skeljasandsfjara, en annars er fjaran milli Helguvíkur og Seylu að mestu hnúlungafjara vaxin þangi. Kasthúsatjörn er ílöng sjávarfjörn norðanvið byggðina í Túnum. Utar, við Breiðabólstaði, er samnefnd tjörn, nokkru minni en Kasthúsatjörn.

Norðan við Bessastaði er Bessastaðatjörn, sem fyrrum hafði opna rás (Dugguós) út í Seyluna. Tjörnin var mynduð með uppfyllingu í Dugguós 1953 og var það gert í nafni sjóvarna. Ríkissjóður greiddi fyrir framkvæmdina, vegna útsvarstekna sem hreppurinn varð af þegar stærsta jörðin var gerð að bústað þjóðhöfðingjans (Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996). Fimm hólmar eru í Bessastaðatjörn. Seylan er vík með sandfjöru milli Eyrar og Bessastaðaness. Bessastaðanes, milli Seylu og Bessastaða er vogskorið nes með þangfjörum. Stærst er Músavík, sunnan megin í nesinu. Austan hennar er Rani, hann ásamt Eskinesi í Gálgahrauni afmarka ós Lambhúsatjarnar (1. mynd). Hún er stærsti vogurinn á Álftanesi. Fjaran er víðast þangfjara, en á stöku stað eru leirublettir, sérstaklega vestast, neðan við Bessastaðaveg og við tjörnina vestanverða. Kringum Selskarð og í Bessastaðanesi eru víða sjávarfitjar.



3. mynd. Helstu örnefni á Álftanesi vestanverðu. Upprunaleg mynd er af Örnefnasjá Landmælinga. Aðrar heimildir um örnefni eru: Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996, Guðlaugur Rúnar Guðmundsson 2001, Jón Thorarensen 1945 og Kristján Eiríksson 1977.



4. mynd. Helstu örnefni á Álftanesi austanverðu. Sjá útskýringar við 3. mynd.

Nokkrar smátjarnir eru jafnframt á svæðinu og er mismikið vatn í þeim eftir árstíma: Í Dysjamýri sunnan við Garðaholt eru smátjarnir eða skurðir fullir af vatni. Skammt sunnan við kirkjugarðinn á Görðum er Garðamýri með litlum tjörnum, í Hliði er Þvottatjörn og á golfvelli í Helguvík er Halakotstjörn. Nokkrar tjarnir hafa verið fylltar upp eða ræstar fram, m.a. Melshúsatjörn í Lambhaga, Bakkakotstjörn og Gesthúsatjörn inn af Sandskarði (Bakkakotsgranda; Kristján Eiríksson 1977, Jón Thorarensen 1945, Guðlaugur Rúnar Guðmundsson 2001.).

Aðferðir

Talningar hófust 22. mars og stóðu til 26. október árið 2014. Alls var talið 12 sinnum (1. tafla). Talið var bæði gangandi og úr bíl. Bali – Hausastaðir, Hrakhólmar – Kasthúsatjörn og Bessastaðanes voru gengin, en þar var reiðhjól einnig notað til að flýta för, annars var talið úr eða við bíl. Tveir menn töldu nema einu sinni, 14. ágúst, þá sá einn maður um talninguna. Handsjónaukar (8x, 10x) og fjarsjár (20-60x) voru notaðar við talningar. Athuganir voru skráðar jafnóðum eða lesnar á diktafón. Talningar tóku frá 4,5–7 klst. og voru talningar tímasettar þannig að fjara væri innan talningartímans og að helstu vaðfuglafjörur væru taldar þá.

1. tafla. Talningardagar á Álftanesi árið 2014.

Dagur	Athugasemdir
22.3.2014	Kasthúsatj. allögð, Bessastaðatj. 75% ís, Breiðabólstaðatj. 85%, Balatj. 50%.
14.4.2014	Enginn ís
24.4.2014	
5.5.2014	
19.5.2014	
4.6.2014	
7.7.2014	
29.7.2014	
14.8.2014	Hluti Bala–Hliðsness og Eyrar–Rana sleppt.
29.8.2014	
15.9.2014	
26.10.2014	Bessastaðatj. 5% lögð, Kasthúsatj. 60%, Breiðabólstaðatj. 15%, Balatj. 90%

Fjörundi var skipt í 6 hluta (5. mynd): 1. Bali – Hliðsnes; 2. Skógtjörn (Hliðsnes – Hlið); 3. Hlið – Hrakhólmar; 4. Grandi (í Hrakhólma) – Eyri (innsiglingarmerki); 5. Eyri – Rani (Bessastaðanes) og 6. Lambhúsatjörn (Rani – Eskines). Hverjum hluta var skipt í smærri einingar, þannig voru talningar skráðar í dagbækur höfunda en teknar síðar saman fyrir hvert svæði fyrir sig.




5. mynd. Skipting fjörusvæða (1–6) og helstu tún þar sem fuglar hópuðu sig (T).

Talið var á öllum tjörnum og þeim tünnum þar sem fuglar hópuðu sig (5. mynd). Varpfuglum var lítið sinnt, þó var hettumáfsvarpið við Borgarhól í Stekkjarmýri við norðanverða Bessastaðatjörn talið þann 4. júní. Ungar og fjölskyldur andfugla voru einnig skráð.

Vetrarfuglatalningar (jólatalningar) 10 ára, frá 2005–2014, voru teknar saman til að sýna samsetningu fuglafánunnar yfir háveturinn. Náttúrufræðistofnun hefur staðið fyrir þessum talningum frá 1952 og hefur annar höfunda (JÓH) talið svæði sem heitir Hvaleyri – Hliðsnes frá 1974. Því er skipt niður í talningaskýrslum, einn hluti heitir Langeyri – Hliðsnes og annar Skógtjörn. Langeyri – Hliðsnes nær aðeins suðaustur fyrir Bala. Hitt svæðið heitir Hlið – Arnarnesvogur. Það nær austur fyrir Eskines, hluti Arnarnesvogur er tekinn með. Arnar Helgason telur þetta svæði. Þetta nær því aðeins útfyrir talningarsvæði okkar í báðar áttir. Þessar talningar gefa góða mynd af vetrarfuglafánu Álftanes.

Niðurstöður

Við upphaf talninga, 22. mars, var fremur rólegt yfir fuglalífínu, miðað við hinar talningarnar, þá voru skráðir rúmlega 2200 fuglar og var meira en helmingurinn æðarfuglar. Fuglum fjölgaði síðan með komu farfuglanna í apríl og svo verulega í maí, hámarkið fyrir árið var 19. maí, yfir 8500 fuglar og munaði þar mest um margæs, en mikið var einnig af rauðbrystingi, kríu o.fl. farfuglum. Fuglunum snarfækkaði síðan í júní, að afloknu fari og voru fuglar á bilinu 3500–5000 út árið. Í júlílok var toppur sem var vegna stórs hóps kría í æti, einnig var mikið af grágæsum og þá var fartíminn hjá vaðfuglum hafinn (6. mynd, 1. viðauki). Í vetrartalningu sáust tæplega 5000 fuglar og var megnið æðarfuglar, en einnig stórir máfar sem sáust í töluverðu magni (sjá umfjöllun um máfa, 6. og 27. mynd, 2. viðauki).



6. mynd. Allir fuglar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Fjörusvæði

Skoðum nú hin mismundandi talningasvæði, fyrst fjörurnar, byrjum vestast og förum rangsælis um Álftanes. Síðan skoðum við tjarnir og tún.


Bali – Hliðsnes er fjörusvæði með fjölbreyttum fjörugerðum og búsvæðum fyrir fjörufugla, svo og grunnsævisfugla. Auk þessu eru tún og votlendi þarna innan við malarkambinn (7. mynd).

Fjöldi fugla var alltaf mikill nema helst í mars og ágúst. Þrjú toppar voru á árinu, fyrst 19. maí, þegar mest var af margæs, æðarfugli og kríu. Síðan 29. júlí, aftur voru kría og æðarfugl algengustu fuglar, en grágæs hafði leyst margæsina af hólmi (8. mynd). Talsverður hópur grágæsa felldi flugfjaðrir og ól upp unga sína í Garðamýri, þær leituðu útá sjó þegar þær urðu fyrir styggð. Loks í vetrartalningu, þegar mest var af æðarfugli, hávellu, toppönd og máfum.



7. mynd. Hliðsnes, Skógtjörn t.v. Skerpla fyrir miðri mynd og Hausastaðir ofar 22. ágúst 1996. Þar sem eiðið (Skerpla) er mjóst var áður ós, sem var fylltur upp 1947. Fyrrum var Skógtjörninn aftur á móti tjörn, en landið seig og sjórinn braut landið og opnaði ósana.

Svæðið er mikilvægt fyrir heiðlóu, stelk og tildru. Helstu vaðfuglastaðirnir eru Bakkahleinar og Bakkafjara, svo og Skerpla og þá sérstaklega þar sem sandfjaran mætir þangfjörrunni í Hliðsnesi (7. og 62. mynd). Á veturna er svæðið mikilvægt fyrir dílaskarf, stökkönd, æðarfugl, hávellu og toppönd, sem og tjald, stelk, tildru og sendling. Það er jafnframt mikilvægt fyrir máfa, venjulega er mest af hvítmáfi og bjartmáfi, en silfur máfur, svartbakur og hettumáfur auka líka á fjölbreytnina.




8. mynd. Fuglar skráðir á talningasvæðinu frá Bala að Hliðsnesi árið 2014.

Skógtjörn er vogur með þröngum ósi, sem seinkar fallaskiptum. Þar eru sjávarfitjar og leirur. Þessar aðstæður gera það að verkum að fuglar geta nýtt sér svæðið lengur en aðrar leirur í nágrenninu. Hún helst yfirleitt opin að hluta eða öllu leiti á veturna.

Yfir árið eru æður og sílamáfur algengustu fuglarnir. Æðurin sækir í ætisleit á tjörnina, meðan talsvert sílamáfsvarp er norðan Skógtjarnar. Ekki voru miklar breytingar á tölu fugla, nema að mikill toppur var 19. maí (10. mynd), þá voru stórir hópar rauðbrystings og kríu í flóðsetri¹ á grynningunum fyrir miðri sunnaverðri tjörninni (á Skerplu; forsíðumynd). Jafnframt sækja margæsir á fitjarnar sem eru víða umhverfis tjörnina. Kríur voru algengar allt sumarið. Síðsumars bar nokkuð á tjöldum, heiðlóum og stelkum. Þá voru toppendur jafnframt áberandi; kollur með unga og fullvaxnir ungar. Nokkuð bar á grágæsum með unga á Skógtjörn.

Hlið – Hrakhólmar hafa töluverða sérstöðu. Þar eru meiri sker og þanggrandar en annars staðar á nesinu. Fuglalífið er með talsvert öðrum brag en annars staðar á Álftanesi. Þetta er mesta sjófuglasvæðið og jafnframt er það mikilvægt fyrir vaðfugla. Þrjú fjörusvæði eru mikilvægust: leira við ós Skógtjarnar, sunnan í Hliði, vestan við tanga sem nefnist Lambhagi (9. mynd). Þangað sækja meira og minna allir vaðfuglar, sem sækja í fjörur. Helguvík er annar helsti sanderlustaðurinn á Álftanesi, en þangað sækja fleiri vaðfuglar. Síðasta vaðfuglasvæðið er þeirra stærst, fjaran frá Gesthúsum og um Granda í Hrakhólma. Fjaran milli Gesthúsa og Granda er ýmist nefnd Sandskarð, Gesthúsafjara eða Bakkakotsgrandi (3. mynd). Þar er sandfjara, en annars er fjaran meira og minna þangfjara frá Helguvík í Hrakhólma. Vaðfuglar eins og rauðbrystingur, heiðlóa og tjaldur velja sér Hrakhólmana sem flóðsetur, en leita sér ætis í fjörinni. Sandskarð er annar helsti sanderlustaðurinn.

¹ Flóðsetur er staður þar sem fuglar safnast saman á flóði, þegar þeir geta ekki leitað sér ætis í fjörum, til að hvílast og snyrta sig.




10. mynd. Fuglar skráðir á Skógtjörn árið 2014.




9. mynd. Helstu vaðfluglafjörur á Alftanesi.

Melshöfði er vinsæll setstaður dílaskarfa, þeir geta skipt hundruðum í vetrartalningum. Við sáum skarfa þar í öllum talningum nema tveimur. Ýmsir máfar og stöku kjóar nota höfðann sem hvíldarstað. Stórir hópar sjófugla sáust leita sér ætis í grennd við Hrakhólma um sumarið. Mest var af æðarfugli, þeir skiptu venjulega hundruðum, í lok ágúst og september voru þar um 800 fuglar. Talsvert sást að hávelli um veturinn og toppöndum í flestum talningum. Súgur sáust í 9 talningum (3–26) og fýlar og ritur í 5 (1–10 og 1–30), athuganir á þessum fuglum dreifðust yfir mest allt athugunartímabilið. Lundar sástu tvisvar. Máfar nota Hrakhólmana sem setstað og sáust þar allar máfategundir sem skráðar voru í talningunum. Hólmarnir eru mikilvægir fyrir silfurmaf, hvítmaf og svartbak. Sömuleiðis nota kríur hólmanna og þær nutu góðs af sílagöngu, sem dró að marga þá sjófugla, sem nefndir eru hér að framan. Þann 29. júlí var áætlað að 470 kríur væru þar í ætisleit. Áhrif sílagöngunnar sjást glögg á grafinu fyrir þetta svæði (11. mynd). Mun fleiri fuglar sjást þarna seinni hluta talningatímans en þann fyrri og tengist það væntanlega sílagöngunni. Þetta er frábrugðið gangi mála á öðrum fjörusvæðum.



11. mynd. Fuglar skráðir frá Hliði að Hrakhólmanum árið 2014.

Hrakhólmar – Eyri er þangfjara að mestu, þar er aðdjúpt, nema vestast, sá hluti er framhald af fjörunni í Sandskarði og þar er helsta vaðfuglafjaran á þessu svæði (13. mynd). Þar sáust einn þriggja sanderluhópa á Álftanesi 19. maí. Annars er hópamyndun ekki mikil, helst hjá æðarfugli og kríu. Tvö hámörk voru, 437 fuglar þann 19. maí og 408 þann 29. júlí. Þetta eru lægri tölur en í hámörkum annarra fjörusvæða. Á þessu svæði sáust færri fuglar en á öðrum fjörusvæðum (12. mynd).



12. mynd. Fuglar skráðir frá Hrauhólmum að Eyri árið 2014.




13. mynd. Fjaran milli Kasthúsatjarnar og Eyri 22. ágúst 1996. Blikastígshverfið fyrir miðju, Bessastaðatjörn með lituðu vatni. Sum nýslegnu túnanna á myndinni eru nú komin í órækt.




14. mynd. Seylan á háfjöru 29. júlí 2014. Eyrin fjær. Hópur tjalda og fleiri fuglar eru á leirunni.

Eyri – Rani er fjölbreytt fjörusvæði. Í Seylunni er ein helsta leira Álftaness (14. mynd) og á Bessastaðanesi eru aðallega þangfjörur og sjávarfitjar á stöku stað. Tvö hámrörk voru á þessu svæði; 19. maí, tæplega 1000 fuglar og 29. júlí, rúmlega 700 (15. mynd). Ýmsir fuglar notuðu Seyluna, af vaðfuglum aðallega tjaldur, en í minna mæli heiðlóa, rauðbrystingur, lóupræll, tildra o.fl. Í Bessastaðanesi eru varpfuglarnir æður og sílamáfur langalgengastir. Talsvert bar á grágæs og síðsumars sást nokkuð af ungum. Í mars og apríl voru hávellur alltíðar við ströndina og um haustið, 26. okt., sást allstór toppandarhópur.




15. mynd. Fuglar skráðir á talningarsvæðinu Eyri–Rani árið 2014.



16. mynd. Bessastaðanes og Lambhúsatjörn 19.8.2008. Gálgahraun t.v.


Lambhúsatjörn er grunn vík með ósi sem opnast í Skerjafjörð milli Rana í Bessastaðanesi og Eskinesi í Gálgahrauni (16. mynd). Norðanmegin, í Bessastaðanesi, skiptast á tangar og víkur með þangfjörum og heitir stærsta víkin Músavík. Nokkrir leirublettir eru vestan megin í Lambhúsatjörn, við Bessastaðaafleggjara. Þá tekur við þangfjara með talsvert miklum sjávarfitjum og loks að sunnan er Gálgahraun, með klapparþangfjörum. Fuglar voru oftast á bilinu 300–500 með tvö hámrörk, rétt um 700 þann 14. apríl og næstum 1000 þann 19. maí. Algengustu fuglarnir, margæs, æður og sílamáfur, skiluðu sér einhverra hluta vegna ekki í talningu 24. apríl og skýrir það lægð þennan dag (15. mynd). Það kemur ekki á óvart að æðarfugl var langalgengasti fuglinn á Lambhúsatjörn og fylgir sílamáfurinn í humátt á eftir. Æðurin verpur í Bessastaðanesi og sílamáfur í Gálgahrauni og Garðaholti. Sílamáfar eru farnir að yfirgefa svæðið í september. Margæs sást víða við ströndina og sótti í sjávarfitjunginn. Grágæs var og algeng og sáust margar fjölskyldur með unga í júlí. Kríuhópar sáust frá maí og út júlí. Álft, stokkönd, hávella, toppönd, heiðlóa, hettumáfur og stari voru allt algengir fuglar á svæðinu.



17. mynd. Fuglar skráðir á Lambhúsatjörn árið 2014.

Tjarnir

Helstu ferskvatnstjarnir eru Bessastaðatjörn, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn, en minni tjarnir eru allvíða, þó nokkrar hafi verið þurrkaðar eða fylltar upp á Álftanesi. Litlu tjarnirnar eru taldar upp hér að framan (Athugunarsvæði). Þó svo að tjarnir væru lítill hluti af heildarflatarmáli athugunarsvæðisins, þá voru skráðir flestir fuglar á þeim þann 7. júlí, yfir 2000 (18. mynd).



18. mynd. Fuglar skráðir á tjörnum á Álftanesi árið 2014.




19. mynd. Bessastaðatjörn, Breiðabólstaðatjörn, Eyri, Seyla og Bessastaðanes 22. ágúst 1996.


Bessastaðatjörn er stór tjörn og sú stærsta á Álftanesi (nærri hálfur ferkílómetri, 49,3 ha. 19. mynd). Hún var fyrrum leira og opnaðist til sjávar í svonefndum Dugguósi í Seylunni. Honum var lokað með uppfyllingu í apríl 1953. Annars væri Bessastaðatjörn svipuð Skógtjörn, leira þar sem sjávarfalla gætti. Fjórir sæmilegir hólmar eru í Bessastaðatjörn, Stekkjarhólmi, Bessi (Bessastaðahólmi), Sandey og ónefndur hólmi í minni Kálfsskinns (líkl. manngerður). Auk þess pínulíttill manngerður hólmi, Kóri að nafni. Norðan úr tjörninni að vestanverðu ganga tveir kílar eða skurðir og heitir annar Breiðiskurður. Norðaustan úr tjörninni er mjó vík sem kallast Kálfskinn, innsti hluti hans er með skemmtilegum kílum og töngum. Mikið varp er víða umhverfis tjörnina, andfuglar og mófuglar sækjast eftir að verpa innanum hettumáfinn sér til varnar. Fuglum fjölgaði hægt og sígandi frá fyrstu talningu og þangað til vorfarið var í hámarki, 19. maí (um 1200 fuglar). Smálægð var 4. júní, þegar varpið stóð sem hæst, en síðan var hámark 7. júlí, þegar grágæsaþópurinn á tjörninni var stærstur (þá sáust um 1800 fuglar alls á Bessastaðatjörn). Þetta var eina svæðið á Álftanesi, sem var með flesta fugla á fellitíma. Síðan fækkaði fuglum aftur fram á haust.

Bessastaðatjörn er afar mikilvæg fyrir andfugla, bæði sem farstaður (þar sem fuglar hafa viðkomu á fartíma), varpstaður og fellistaður (þar sem fuglar fella flugfjaðrir síðsumars og eru þá ófleygar um tíma), auk þess að vera bað og hvíldarstaður margæsa. Á tjörninni fella álftrir flugfjaðrir ásamt grágæsum, skúföndum, duggöndum og eitthvað lítils háttar af buslöndum. Andfuglar eru jafnframt algengir varpfuglar, þar urpu fyrr og nú álftr, grágæs, rauðhöfðaönd, gargönd, urtönd, stökkönd, skúfönd, duggönd, æður, hávella og toppönd.

Allir vaðfuglar sem komu fram í talningunum sáust við Bessastaðatjörn, nema sanderla og fjöruspói. Tjaldar sáust í flóðsetri í hólmanum í Kálfskinni og víðar. Talsvert af tildru (45) sást um vorið, sem og fleiri vaðfuglar. Jaðrakanahópur var á grunnu vatni í tjörninni í lok ágúst. Stórt hettumáfsvarp (um 400 þör) var við norðurbakkann og sílamáfar urpu jafnframt. Kría sótti á tjörnina til hvíldar og baða.



20. mynd. Fuglar skráðir á Bessastaðatjörn árið 2014.




21. mynd. Kasthúsatjörn 24.5.2014. Hófsóleyjarbreiður á bakkanum. Fuglarnir á myndinni eru margæsir, ýmsar endur, tildirur, lóuprælar, sandlour, sílamáfar, hettumáfar, kríur o.fl.

Kasthúsatjörn er strandvatn (2,1 ha) sem hefur talsvert breyst á síðustu áratugum, áður flæddi sjór reglulega í tjörnina með tilheyrandi þangburði á vetrum, en mjög hefur dregið úr því með styrkingu sjóvarna og uppfyllingu sjávarmegin við tjörnina (21. mynd). Framræst mýri er sunnan og austan við Kasthúsatjörn, sem lengi hefur staðið til að endurheimta (Guðmundur A. Guðmundsson 1996).

Í marstalningunni var tjörnin allögð. Flestir fuglar sáust 4. júní, en þeim fækkaði þegar varptíminn stóð sem hæst. Í lok ágúst var annar toppur, en þá lyftu um 100

rauðhöfðaendur tölunum upp. Í síðustu talningunni sáust aðallega máfar (22. mynd). Buslendur voru einkum áberandi á tjörninni, hún er aðalstokkandastaðurinn á Álftanesi, en einnig voru þar vaðfuglar, máfar og kría. Nær allir óðinshannar sem sáust á Álftanesi sumarið 2014 voru á Kasthúsatjörn.


Álftapar varp og kom upp þremur ungum. Grágæsir sáust í flestum talningum, en þó ekki með unga. Gargönd, urtönd og stökkönd sáust með unga og grunur lék á varpi skeiðandar, en ungar sáust ekki. Þann 4. júní voru 36 æðarkollur með 101 unga á Kasthúsatjörn. Fjórar brandendur sáust 5. maí og landsvala 29. ágúst.



22. mynd. Fuglar skráðir á Kasthúsatjörn árið 2014.

Breiðabólstaðatjörn er sömuleiðis strandvatn, en tjörnin er nokkuð minni en Kasthúsatjörn (1,3 ha; 13. mynd). Tegundafjölbreytni er nokkur, en einstaklingsfjöldi minni en á Kasthúsatjörn (23. mynd). Talsvert sást af grágæsum með unga, aðalega í júlí. Duggandarkolla með 6 unga sást 7. júlí, tvær stökkandarkollur og 16 ungar 14. ágúst og 8 æðarkollur með 21 unga 4. júní. Gargendur og hávellur hafa orpið (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007) og skeiðendur sjást reglulega. Grynningar eru sunnamegin í tjörninni, sem eru talsvert nýttar af vaðfuglum eins og sandlóu, lóupræl og stelki. Nokkurn alifuglaeldi (gæsir og endur) er við tjörnina og er það heldur til að laða að fugla eins og stökkendur, þó villtir fuglar virðast ekki mikið blanda geði við alifuglana.

Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn eru báðar þekktar meðal fuglaskoðara fyrir tíðar heimsóknir sjaldgæfra fugla og flækinga (24. mynd).



23. mynd. Fuglar skráðir á Breiðabólstaðatjörn árið 2014.



24. mynd. Ungar kanaduðrur við Breiðabólstaðatjörn 20.9.2011. Kanaduðra er sárasjaldgæfur flækingsfugl hér á landi frá Vesturheimi (3. viðauki).

Tún og mýrar á Álftanesi

Hér verða talin upp helstu tún og óbyggð svæði þar sem fuglar hópuðu sig. Þessi svæði voru sértaklega talin vegna gæsa: margæsa og grágæsa, sem sóttu mjög í þetta búsvæði (25. mynd). Mörg tún á Álftanesi eru nú komin í órækt og eru sum nýtt til hrossabeitar. Talningar sýndu að margir fuglar nýttu túnin, mest voru skráðir 1763 fuglar þann 5. maí, en fæstir fuglar í fyrstu talningunni í mars, einungis 82, enda tún lítt farin að grænka á þeim tíma og fáir farfuglar komnir til landsins (26. mynd).

Tún milli Eyvindarholts og Bessastaða, afmarkast í vestri og suðri af Norðurnesvegi og Bessastaðaafleggjara. Þetta er víðfrægt margæsatún, 420 fuglar sáust í báðum talningum í maí, en fáar um haustið (25. mynd). Stórir hópar grágæsa héldu sig á túnunum síðsumars og um haustið. Af öðrum fuglum sem höfðu viðkomu í túnunum má nefna álf, blesgæs, heiðlóu, lóupræl og hettumáf.




25. mynd. Margæsaþópur á túninu milli Eyvindarholts og Bessastaða 1. maí 2013.

Tún sunnan og suðaustan Bessastaða ásamt Kringlumýri fóstu fjölbreyttara fuglalíf en önnur slík svæði á Álftanesi. Í maí sáust þar 400–500 margæsir og sáum við ekki stærri hóp en 509 fugla 19. maí. Engar sáust um haustið, en þá voru grágæsir algengar, flestar þann 29. ágúst, 333. Grágæsir með unga sáust enn fremur. Lítil urtandahópur sást í september, rauðbrystingar í maí og heiðlóur og jaðrakanar í ágúst.

Tún milli Stekkjar og Jörfavegar, við Breiðaskurð. Tún norðan vegar, við gámasvæði, er talið með þessu. Þetta tún er ekki lengur slegið og er víða mjög blautt. Grágæsir sáust í flestum talningum og þar voru fuglar með unga í júní og júlí. Margæsir bitu þarna í maí. Helsingi og fjórar blesgæsir sáust með öðrum gæsnum um vorið. Rauðhöfðahópur (46) sást um vorið og heiðlóur síðsumars.

Tún við Dysjar og Pálshús var eitt af helstu gæsatúnunum, margæsir um vorið (hámark 378 þann 5. maí) og grágæsir síðsumars og um haustið (hámark 216 þann 29. ágúst). Aðrir fuglar sem hópuðu sig á þessum túnnum voru hettumáfur, sílamáfur og stari.

Önnur helstu tún og óræktarsvæði sem drógu að sér gæsir voru við Hausastaði, vestan við hringtorgið, við Akurgerði og við Hvol (5. mynd).




26. mynd. Fuglar taldir á túnum á Álftanesi árið 2014.

Vetrarfuglatalningar


Við skoðuðum niðurstöður 10 vetrarfuglatalninga, frá árunum 2005–2014 og tókum reyndar þá síðustu með í heildarniðurstöðum, því hún var gerð á talningarárinu (Náttúrufræðistofnun 2015). Reyndar hefur verið talið á Álftanesi frá upphafi vetrarfuglatalninga árið 1952, en við töldum að síðustu 10 ár myndu gefa góða mynd af vetrarfuglafánunni á Álftanesi. Niðurstöðurnar sjást í 2. viðauka og á 27. mynd. Fjöldi fugla sveiflaðist nokkuð og voru tveir áberandi toppar 2005 og 2008. Þeim ollu óvenjumargir snjótittlingar fyrra árið og máfar það síðara. Magn fugla á grunnsævi við Álftanes ræðst mjög af fiskigöngum, sérstaklega Hafnarfjarðarmegin. Smáufsi og annar smáfiskur gengur oft inní Hafnarfjörð og eru þá fiskiætur eins og skarfar, brúsar (lómur og himbrimi) og toppendur í hópum frá Hafnarfirði og út með sunnanverðu Álftanesi (28. og 58. mynd).

Alls sáust 64 tegundir fugla í talningunum og þar af sáust 22 í þeim öllum. Að meðaltali sáust 4509 fuglar (2510–7242). Eins og við var að búast var æðarfugl langalgengastur, 1888 fuglar sáust að meðaltali. Næst honum kom snjótittlingur (337 að meðaltali), dílaskarfur (324), hávella (306), hvítmáfur (261), stökkönd (247) og sendlingur (138). Aðrar tegundir náðu ekki 100 fugla meðaltalinu (2. viðauki).


Einhver fækkun fugla hefur orðið á svæðinu Langeyri–Hlið að vetrarlagi á síðustu tíu árum. Fæstir fuglar voru skráðir 2012 talningunni (571) en flestir 2005 (2922), 1487 fuglar að meðaltali. Nærri 1000 snjótittlingar árið 2005 draga þó úr vægi þessarar fækkunar. Æður var mest áberandi að vetrarlagi á þessu svæði ásamt stórum máfum og dílaskarfi (28., 29. og 32. mynd, 2. viðauki).



27. mynd. Fuglar taldir á Álftanesi, samtals af báðum talningasvæðum, í vetrartalningu árin 2005 til 2014.




28 mynd. Vetrarlíf nærri Bala þann 8.2.1999. M.a. sjást Dysjar, Pálshús og Garðakirkjugarður. Æðarfugl er áberandi, en dílaskarfar, stökkendur og hettumáfar sjást einnig.




29. mynd. Fuglar taldir á talningarsvæðinu Langeyri–Hlið í vetrartalningum árin 2006 til 2014.

Á Skógtjörn er svipaður fjöldi fugla, þar sáust yfirleitt á bilinu 150–300 fuglar. Fæstir fuglar voru skráðir 2012 talningunni (123) en flestir 2006 (287), að meðaltali sáust 220 fuglar. Færri fuglar voru skráðir á árunum 2009 til 2012 (30. mynd). Æðarfugl var mest áberandi að vetrarlagi á Skógtjörn ásamt stökkönd.



30. mynd. Fuglar taldir á Skógtjörn í vetrartalningum árin 2005 til 2014.

Á talningarsvæðinu Hlið–Arnarnesvogur voru nokkrar sveiflur í tölum fugla. Fæstir fuglar voru skráðir 2011 (1477) en flestir 2008 (4498), að meðaltali sáust 2802 fuglar. Færri fuglar voru skráðir á árunum 2010 til 2012 en í öðrum talningum á þessu tímabili. Æðarfugl og stórir máfar voru mest áberandi að vetrarlagi (2. viðauki). Árið 2008 sáust óvenju margir dílaskarfar og enn fremur fleiri stórir máfar en hin árin. Í talningu árið 2005 voru einnig fleiri máfar en venjulega (31. mynd).



31. mynd. Fuglar taldir á talningarsvæðinu Hlið–Arnarnesvogur (016) í vetrartalningum árin 2006 til 2014.




32. mynd. Sundsker við Hausastaðavarir í lok talningar 27.12.2014. Keilir, Selsvallaháls og fleiri fjöll í fjarska.

Fuglaskrá

Skráin hefur að geyma alla fugla sem sást á talningarárinu 2014. Helstu samanburðargögn eru athuganir Ævars Petersen og Árna Davíðssonar frá árinu 1992 (Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1993) og athuganir Guðmundar A. Guðmundssonar frá 2003 og 2004 (Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Guðmundur A. Guðmundsson 2004). Upplýsingar um fugla í Gálgahrauni eru úr skýrslum Jóhanns Óla Hilmarssonar (1999, 2001). Jafnframt var stuðst við skýrslur Guðmundar A. Guðmundssonar um varpfugla frá 1996 (1996a) og Kasthúsatjörn (1996b). Vitnað er í heimildarmennina Erlu Bil Bjarnardóttur (EBB), Guðmund A. Guðmundsson (GAG) og Ingvar Atla Sigurðsson (IAS). Í 3. viðauka er síðan fuglatal Álftaness, listi yfir allar fuglategundir sem okkur er kunnugt um að hafi sést þar.

Álft *Cygnus cygnus* sást allt árið, fæstar um vorið, en flestar um haustið. Álftir urpu við Kasthúsatjörn og komu þremur ungar á legg og þar með fjóra unga sást á Bessastaðatjörn (34. mynd). Rúmlega 40 álftir felldu flugfjaðrir á Bessastaðatjörn. Þær felldu áður á Skógtjörn, en þær hafa líklega flutt sig um set vegna truflunar svifhlífaiðkenda. Flestar sást um haustið, 104 fuglar þann 26. okt (33. mynd). Meðaltal miðsvetrartalninga 2005–2014 var 36 fuglar (6–66, 2. viðauki).




33. mynd. Álftir sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.

Blesgæs *Anser albifrons*. Sjaldséður en líklega árviss fargestur, sem heldur sig með öðrum gæsnum þegar þær sjást á Álftanesi. Fjórar sást NV við Stekk 5. maí og fjórar við Bessastaði 26. október.



34. mynd. Álft með unga að éta þörunga á Kasthúsatjörn 14.8.2014.

Grágæs *Anser anser* er staðfugl á Álftanesi. Verpur víða og eru þörin varla undir 200 (85. mynd). Sést bæði í fjörum, á tjörnum og túnum. Rúmlega 1700 fuglar komu fram í einni talningu um sumarið (35. mynd). Stór hópur, um 1000 fuglar, felldi flugfjaðrir á Bessastaðatjörn og minni hópur, á 2. hundrað, felldi í Garðsmýri. Hefur stórfjölgað á síðustu áratugum. Árið 1992 hafði þessi stóri fellihópur ekki myndast. Meðaltal miðsvetrartalninga 2005–2014 var 78 fuglar (1–159, 2. viðauki).



35. mynd. Grágæsir sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.




36. mynd. Dreifing margæsa á Álftanesi 2014,

Helsingi *Branta leucopsis*. Sjaldséður fargestur sem sést með öðrum gæsum á Álftanesi. Stakur helsingi var með grágæsnum í gömlu túni NV við Stekk þann 14. apríl.


Margæs *Branta bernicla* er einkennandi og kunnur umferðarfugl á Álftanesi, sem kemur þar við á ferðum milli varpstöðva á túndrum kanadísku íshafseyjanna og vetrarstöðva á Írlandi (Náttúrufræðistofnun, án ártals). Á 36. mynd sést dreifing margæsa á Álftanesi vorið 2014. Stærstu margæsa hóparnir voru í tünnum við Dysjar og Pálshús, milli Eyvindaholts og Bessastaða og suður og austur af Bessastöðum, minni hópar dreifðust um allt Álftanes.

Hæstu tölur nú voru rúmlega 2200 dagana 5. og 19. maí. Tvær héldu til sumarlangt. Fyrstu haustfuglarnir sáu svo í lok ágúst og sáu þær fram í síðustu talningu, 26. okt. Hámarkið um haustið var 180 fuglar þann 26. okt. Stakur fugl sást í vetrartalningu 27. desember (37. mynd).

Fáeinir fuglar (3–6) af kviðdökku undirtegundinni (*B.b.bernicla*) sjást árlega í hópnum og svo var einnig nú. Dæmi er fugl við Kasthúsatjörn 24. apríl (39. mynd). Þessir fuglar blandast „okkar“ fuglum á vetrarstöðvunum, en kviðdökka margæsin verpur í Síberíu, mest á Tamýrskaganum og Franz Jósepslandi. Einnig sjást stöku sinnum fuglar af Amerísku undirtegundinni (*B.b.nigricans*, Náttúrufræðistofnun, án ártals).



37. mynd. Margæsir sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.




38. mynd. Margæsir á sjó við Hliðsnes 24.4.2014.



39. mynd. Kviðdökk margæs *Branta bernicla bernicla* með „venjulegum“ margæsum *B.b. hrota* við Kasthúsatjörn 24.4.2014.

Brandönd *Tadorna tadorna* hóf að verpa hérlendis um 1990 og hefur henni fjölgað jafnt og þétt síðan, hún verpur nú í öllum landslutum, en höfuðstöðvar hennar eru í Borgarfirði. Hún er fjörufugl, sem sést orðið árlega á Álftanesi og hefur alla burði til að hefja þar varp. Brandendur sáust frá upphafi talninga í mars og fram í maí og aftur um haustið og veturinn. Oftast á Skógtjörn eða við ósa hennar, en einnig á Kasthúsatjörn og Balatjörn (1. viðauki). Flestar sáust 6 þann 5. maí.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope* er algengur gestur og strjáll varpfugl á Álftanesi. Hún var algengust í apríl og síðan frá ágúst og út árið. Flestar héldu til á Bessastaðatjörn og Kasthúsatjörn, en fáeinar endur sáust þó á flestum talningarsvæðum. Hópur 46 fugla var á túninu norðvestan við Stekk um vorið. Aðeins ein ungamóðir var skráð, kolla með þrjá unga á Bessastaðatjörn 7. júlí. Áætlað er að 5–10 pör hafi orpið 2004. Ekki verða greindar miklar breytingar frá 1992. Flestar sáust 192 þann 26. okt. (40. mynd). Meðaltal vetrartalninga 2005–2014 var 69 fuglar (6–162, 2. viðauki).




40. mynd. Rauðhöfðaendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.



41. mynd. Gargandarsteggur lendir á Kasthúsatjörn 5. júní 2014.


Gargönd *Anas strepera* er strjáll varpfugl á Innesjum, en hún er annars algengust við Mývatn og Laxá. Gargöndin er farfugl, hún sást í öllum talningum nema í mars- og miðsvetrartalningu, frá tveimur og uppí 13 fugla, en algengast var 8–10 fuglar. Hún sást að öllu jöfnu oftast á Kasthúsatjörn, en 7. júlí var engin þar, en 13 á Breiðabólstaðatjörn og eins 26. okt, en þá voru 12 á Bessastaðatjörn (41. mynd). Gargöndin skilaði sér illa á fjaðrafellitíma, eingöngu tvær sáust 29. júlí. Nokkrar gargendur sáust á sjó útaf Kasthúsatjörn og Breiðabólstöðum um vorið. Kolla með

fjóra unga var á Kasthúsatjörn 14. ágúst. Er einu sinni skráð í vetrartalningum 2005–2014, 6 fuglar sáust 8. jan. 2006 (2. viðauki).



42. mynd. Gargendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.


Urtönd *Anas crecca* sést meira og minna árið um kring, þó mest síðsumars og á haustin (43. mynd). Urtöndin er felugjörn og er oft vantalin. Fuglar sáust aðallega á Kasthúsatjörn og svo litlum tjörnum eins og tjörn í Garðamýr, í Dysjamýri og í Hliði. Kolla með 6 unga var á Kasthúsatjörn 14. ágúst. Kringum 2004 var talið að 1–5 kollur yrpu árlega í Bessastaðahreppi. Sást í öllum vetrartalningum 2005–2014, 9 fuglar að meðaltali (2–38, 2. viðauki).




43. mynd. Urtendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.

Murtönd *Anas carolinensis* sést stundum með urtöndum á Álftanesi, hún er amerísk systurtegund urtandar. Steggur sást með urtöndum á Kasthúsatjörn 15. nóv. 2014 (Birding Iceland 2015). Murtandarkollur eru ekki greindar frá urtandarkollum.

Stökkönd *Anas platyrhynchos* er algeng árið um kring, mest sást um haustið og veturinn, en fæstar frá apríl og fram eftir ágúst (44. mynd). Varpfugl, sást með unga á Bessastaðatjörn, Kasthúsatjörn, Breiðabólstaðatjörn og einnig á sjó, bæði á svæðinu Hrakhólmar – Eyri og á Lambhúsatjörn. Árið 2004 var varpstofninn álitin 20–30 pör í Bessastaðahreppi. Að jafnaði sjást yfirleitt fleiri stökkandarsteggir en kollur og það endurspeglast í kynjahlutfalli stökkanda á Kasthúsatjörn (45. mynd). Meðaltal miðsvetrartalninga 2005–2014 var 247 fuglar (173–305, 2. viðauki)



44. mynd. Stökkendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.



45. mynd. Kyngreindar stökkendur á Kasthúsatjörn, Álftanesi, árið 2014. Stökkendurnar voru ekki kyngreindar 29. ágúst, í lok fellitímans, það skýrir eyðuna á grafinu.

Grafönd *Anas acuta* er sjaldséður gestur; steggur sást á sjó milli Hrakhólma og Eyrar 22. mars og 26. okt.; kolla var á Breiðabólstaðatjörn 29. ágúst. Hefur orpið á Álftanesi.




46. mynd. Skeiðandarpar á Kasthúsatjörn 19. maí 2014.


Skeiðönd *Anas clypeata* er árviss á Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn og hefur orpið (46. mynd). Stakur steggur, vetrargestur, sást á sjó á svæðinu Bali – Hausastaðir 22. mars. Þar sást á Kasthúsatjörn í maí, stakur steggur í júní (kollan hefur væntanlega legið á) og síðan fjórar fullvaxnar (greindar sem tveir steggir og tvær kollur) 7. júlí. Sást ekki eftir það og engir ungar sáust að þessu sinni.

Skúfönd *Aythya fuligula*. Ein af algengari öndum á Álftanesi og er algengust á Bessastaðatjörn. Fáeinir sáust á Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn og einu sinni tvö pör á sjó. Sást í öllum talningum nema í desember (47. mynd).

Flestar sáust 216 á Bessastaðatjörn 14. ágúst. Þar af voru steggir sem fella þar flugfjaðrir 157, kollur og ungfuglar voru 59. Skúfandasteggir koma til þess að fella þar flugfjaðrir í júlí og ágúst (48. mynd). Fáeinir ungar sáust á Bessastaðatjörn. Kringum 2004 er talið að varpstofninn hafi verið 10–20 pör. Sást í 6 vetrartalningum 2005–2015, 2–35 fuglar (meðaltal 13, 2. viðauki), sennilega flestar í Arnarnesvogi, utan talningasvæðisins.



47. mynd. Skúfendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.




48. mynd. Kyngreindar skúfendur á Bessastaðatjörn, Álftanesi, árið 2014.


Duggönd *Aythya marila*. Duggendur sáust í öllum talningum nema 26. október og 27. desember (49. mynd). Þær sáust eingöngu á Bessastaðatjörn, nema kolla með 6 unga var á Breiðabólstaðatjörn 7. júlí. Þann 27. júlí sást kolla með þrjá unga á Bessastaðatjörn og starfsmenn Garðabæjar fundu hreiður við jarðvegsvinnu á Eyri, norðan Bessastaðatjarnar, þann 20. júní (EBB, tölvupóstur). Fáar kollur sáust 7. júlí, þegar þær voru enn á hreiðrum, en þær voru fleiri en steggir í síðustu talningunni, þá var enginn steggur skráður (50. mynd). Erfitt getur reynst að greina kollur og fullvaxna unga á löngu færi, eins og víða er á Bessastaðatjörn. Talið er að 5–10 pör hafi orpið kringum 2004.

Duggönd var í hámarki á fartíma um vorið, 39 fuglar þann 5. maí. Duggandarsteggir fella flugfjaðrir á Bessastaðatjörn líkt og skúfandarsteggir, hámarkið

var 21 steggur þann 7. júlí (48. og 50. mynd). Fáeinir fuglar sáust í þremur vetrartalningum, væntanlega með skúföndum (2. viðauki).



49. mynd. Duggendur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.




50. mynd. Kyngreindar duggendur á Bessastaðatjörn, Álftanesi, árið 2014.

Æður *Somateria mollissima* er langalgengasti fuglinn á Álftanesi. Sést mest á sjó, en einnig á tjörnum og þá sérstaklega Bessastaðatjörn. Stórt æðarvarp er í Bessastaðanesi, árið 1992 var stærð þess álitið um 3200 hreiður og er telja þeir sem nytja varpið, að stærðin sé svipuð nú. Minni vörp eru víða, t.d. við norðanverða Skógtjörn og í hólum Bessastaðatjarnar (51. mynd). Æðarkollur á Álftanesi eru heimakærar, en flestir blíkar halda annað til að fella flugfjaðrir (María Harðardóttir o.fl. 1998).


Æðarfuglar sáust í öllum talningum og spannaði fjöldinn frá 715² fuglum þann 29. júlí (að loknu varpi) uppí 2565 þann 19. maí (í upphafi varps, 52. mynd). Fuglarnir dreifast með ströndinni, stærstu hóparnir sáust við Hrakhólma (740 þann 29. ágúst), við Bessastaðanes (452 þann 19. maí) og á Lambhúsatjörn (385 sama dag), ásamt Bessastaðatjörn eins og segir frá hér á eftir. Meðaltal úr 10 miðsvetrartalningum á árunum 2005–2014 var 1888 fuglar (880–2833, 2. viðauki).

Fróðlegt er að skoða æðarfuglatopp á Bessastaðatjörn í fjórum talningum 5. maí til 7. júlí. Þann 5. maí var 171 fugl á tjörninni, 77% blikar og 23% kollur. Þann 19. maí voru 750 æðarfuglar á Bessastaðatjörn, af kyngreindum fuglum (189) voru 85% blikar og 15% kollur. Í næstu talningu, 4. júní, eru ungar komnir til sögunnar (53). Fullorðnir fuglar voru 376, 83% blikar og 17% kollur. Loks þann 7. júlí voru 118 fullorðnir fuglar á tjörninni, aðeins 13 ungar. Nú höfðu kynjahlutföllin snúist við og voru einungis þrír blikar (3%) á móti 115 kollum (97%). Í öðrum talningum voru færri en 100 fuglar á Bessastaðatjörn. Það er því ljóst að blikar úr varpinu í kring hópa sig á tjörninni, áður en þeir halda á fjaðrafellistöðvar. Æðarungar sáust fyrst í talningu 4. júní, alls 260 skráðir og þar af voru flestir á tjörnunum. Í næstu talningu eru ungarnir orðnir fleiri á sjó og hefur fækkað nokkuð. Ungum fækkar á milli talninga vegna affalla. Í síðustu tveimur talningum var ekki reynt að greina á milli kollna og ungfugla og er það jafnframt skýring á lágum unगतölum (53. mynd og 2. tafla).




51. mynd. Æðarfuglar á Kasthúsatjörn 4.6.2014.

² Voru reyndar „aðeins“ 448 þann 14. ágúst, en þá var ekki talið á öllu svæðinu og Bessastaðanesi að mestu sleppt.



52. mynd. Æðarfuglar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.




53. mynd. Kyn og aldursgreindir æðarfuglar á Bessastaðtjörn, Álftanesi, árið 2014.

2. tafla. Æðarungar sem taldir voru á Álftanesi sumarið 2014.


Svæði	4. júní	7. júlí	29. júlí	14. ágúst	29. ágúst
Tjarnir	175	15	11	5	2
Bali-Hliðnes	43	35	37		
Skógtjörn	7	17	14	20	
Hlið-Eyri	17	37	10		3
Eyri-Hrakhólmar	1	28			1
Eyri-Rani	10	7	6	5	3
Lambhúsatjörn	7	12	2		
Alls	260	151	80	30	9

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* er óreglulegur vetrargestur á Álftanesi, en blikar hafa sést í varpinu á Bessastaðanesi. Bliki sást við Hlið á jóladag 2014 (Birding Iceland 2015).

Hávella *Clangula hyemalis* er fyrst og fremst vetrargestur á sjó og vorgestur á Bessastaðatjörn. Hefur orpið þar, en við urðum ekki varir við neina varptilburði nú. Áætlað var að 1–5 kollur yrpu kringum 2004. Vorhámarkið á Bessastaðatjörn var nú aðeins 82 fuglar, en 1992 rúmlega 500. Við höfum engar skýringar á þessari fækkun. Fækkun hefur einnig orðið á Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, þó hún sé eitthvað minni (Jóhann Óli Hilmarsson 2013). Kynjahlutfall hávella sem voru á Bessastaðtjörn var nokkuð jafnt (55. mynd). Hávella var algeng frá október til apríl, hámarkið var 293 fuglar í jólatalningunni 27. desember, en 239 sáust 22. mars og 223 sáust 26. okt. (55. mynd). Örfáar eða engar (0–2) sáust í talningum í júní – september. Meðaltal vetrartalninga 2005–2014 var 306 (117–601, 2. viðauki) og er hávella einn algengasti fuglinn á Álftanesi yfir háveturinn.




54. mynd. Kyngreindar hávellur á Bessastaðatjörn, Álftanesi, árið 2014.



55. mynd. Hávellur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.

Toppönd *Mergus serrator* er algeng árið um kring, aðallega á sjó og á Bessastaðatjörn. Hún var tíðust frá því í ágúst, þegar ungar sumarsins bættust við stofninn, og til áramóta. Sást með unga á Skógtjörn, Kasthúsatjörn, Bessastaðatjörn og á fáeinum stöðum við ströndina. Talið var að varpstofninn væri 2–5 pör kringum 2004, en hann er örugglega stærri nú. Heildartala toppanda var í kringum 50 fugla fram í ágúst, hámarkið var 218 fuglar þann 15. sept, flestar voru á sjó við Bessastaðanes (56. mynd). Meðaltal vetrartalninga 2005–2014 var 107 (30–238). Það ræðst mjög af fiskigöngum hversu margar toppendur koma fram í vetrartalningum (2. viðauki).



56. mynd. Toppöndur sem voru taldar á Álftanesi árið 2014.

Himbrimi *Gavia immer* er sumar- (júlí – sept.) og vetrargestur. Þrjú fuglar sáust 7. júlí, 29. ágúst og stakur fugl 15. sept. Heilir 24 fuglar sáust nú í vetrartalningu 27. des., en

venjulega eru þeir færri, frá einum uppí 6 (4 að meðaltali, 2. viðauki). Næstu varpstöðvar himbrima eru við Elliðavatn.


Lómur *Gavia stellata* er vetrargestur á sjó, 30 sáust í miðsvetrartalningu 27. des. Það er nokkuð misjafnt hversu margir sáust á árunum 2005–2014, frá engum uppí 45 (9 að meðaltali, 2. viðauki). Tveir lómar voru á Bessastaðatjörn 5. maí.

Flórigoði *Podiceps auritus* er sjaldgæfur haust- og vetrargestur. Þrír sáust á Bessastaðatjörn 15. sept. og stakur fugl 26. okt. Tveir sáust við Eskines í miðsvetrartalningu 7. jan. 2007, en flórigoðar hafa sést þar stöku sinnum að vetrarlagi (2. viðauki). Næstu varpstöðvar eru Vífilsstaðavatn og Ástjörn.

Fýll *Fulmarus glacialis*. Sumargestur á grunnsævi, sást óreglulega við Hrakhólma og þar í grennd frá apríl fram í september, á bilinu 1–10 fuglar (2. viðauki).

Súla *Morus bassanus* er sumargestur á grunnsævi, sást í öllum nema þremur talningum nærri Hrakhólumum, á bilinu 3–26 fuglar. Auk þess voru tvær súlur við Hliðsnes 26. okt. Súlur hafa einu sinni sést í vetrartalningu, 12 fuglar á utanverðum Hafnarfirði 28. des. 2008 (2. viðauki).

Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo* er fyrst og fremst vetrargestur, en sést þó eitthvað árið um kring. Kom ekki fram í talningunni 7. júlí og mjög fáir sáust í öðrum talningum í júní og júlí. Flestir sáust í miðsvetrartalningunni 27. desember, alls 248 (57. mynd). Dílaskarfar sjást víða með ströndinni (58. mynd), en helstu setstaðir eru vestast á Álftanesi: Melshöfði sunnan í Hliði og Hrakhólmarnir. Meðaltal vetrartalninga 2005–2014 var 324 (99–970; 2. viðauki). Tala skarfa ræðst mjög af fiskigöngum eins og hjá mörgum öðrum fiskiætum.



57. mynd. Dílaskarfar sem voru skráðir á Álftanesi árið 2014.



58. mynd. Dílaskarfar á Langeyri 28.3.2008.


Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis* er vetrargestur, tveir sáust 14. apríl og 62 í vetrartalningunni 27. des. Það er með því allra mesta sem skráð hefur verið, á árunum 2005 til 2013 sáust frá engum og uppí 16 í vetrartalningum (10 að meðaltali, (2. viðauki). Toppskarfarnir sjást á svipuðum slóðum og dílaskarfarnir, aðallega vestan megin á Álftanesi.

Bjartheгри *Egretta garzetta* er sjaldgæfur gestur, stakur fugl var við Kasthúsatjörn 28. nóvember 2014 (Birding Iceland 2015). Bjartheग्रar eru tíðari gestir nú en áður og eru orðnir árvissir.

Gráheгри *Ardea cinerea*. Vetrargestur, árviss á Álftanesi. Stakur heгри sást á Skógtjörn í miðsvetrartalningu 28. des. 2014, en þar sjást þeir oftast innan athugunarsvæðisins.

Fálki *Falco rusticolus* er sömuleiðis vetrargestur, stakir fálkar og einu sinni tveir fuglar sáust í 6 vetrartalningum af 10 á árunum 2005–2014, m.a. á talningarárinu þann 27. des. 2014 (2. viðauki).

Tjaldur *Haematopus ostralegus* er algengur árið um kring og tíður varpfugl á Álftanesi. Hann verpur dreift um allt nesið utan byggðar, á árunum 1992–96 og 2004 voru 76–81 óðul í Bessastaðahreppi. Er algengastur að varpi loknu, frá júlilokum fram í september. Flestir sáust 29. júlí, 172 fuglar og þar af voru 82 í Seylunni, 35 við Skógtjörn og 41 á Granda (í Hrakhólma, 59. mynd). Þessir staðir og sérstaklega Seylan eru mikilvæg fæðusvæði fyrir tjald (14. og 60. mynd). Vetrarstofninn sveiflast nokkuð eða frá tveimur og uppí 77 fugla (31 að meðaltali; 2. viðauki). Eins og öðrum vaðfuglum hefur tjaldi fækkað í Hafnarfirði og á Álftanesi á undanförunum árum (Náttúrfræðistofnun 2015).




59. mynd. Tjaldar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.



60. mynd. Tjaldar á fjörusteini nærri Bala 28.3.2008.

Sandlóa *Charadrius hiaticula* er allalgengur varpfugl og fargestur á Álftanesi. Hún verpur dreift, þörin voru um 30 í Bessastaðahreppi árið 2004, flest (12) á Eyri (Breiðabólstaðaeyri). Fyrstu sandlóurnar sáust 24. apríl og vorhámarkið var 98 fuglar 19. maí. Fæstar sáust 14. ágúst (7) og 15. sept. (2). Þann 26. okt. voru þær aftur á móti

82, allar í Hliðsnesi á grandanum vestanverðum (61. og 62. mynd). Annar staður þar sem sandlóuhópur sást um vorið, var fjaran við ós Skógtjarnar, vestan við Lambhaga. Farfugl, hefur ekki sést í vetrartalningum.




61. mynd. Sandlóur sem voru skráðar á Álftanesi árið 2014.



62. mynd. Fjaran sunnan í Hliðsnesi, þar sem Skerpla mætir sjálfu nesinu. Myndin er tekin á fjöru 26.10.2014. Þarna er einn helsti vaðfuglastaður á Álftanesi.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria* er allalgengur varpfugl og fargestur á Álftanesi, tíðust á haustin. Árið 2004 urpu nærri 30 pör í Bessastaðahreppi hinum forna, varpið var þéttast í Bessastaðanesi og á óbyggða svæðinu norðan við Skógtjörn (Holtinu). Fyrstu heiðlóurnar sáust nú 14. apríl og vorhámarkið var 5. maí, 185 fuglar. Mjög fáar sáust í júní og fyrri júlítalningunni (7. júlí), en í seinni júlítalningunni (29. júlí) fór þeim að fjölga. Hausthámarkið var 15. sept., 322 fuglar (63. mynd).

Heiðlóur sækja bæði í tún og fjörur á fartíma. Hópar voru t.d. við Haustastaði, í Hliðsnesi á grandanum (Skerplu) vestanverðum, í fjörunni við ós Skógtjarnar (við Lambhaga, 62. og 64. mynd), á Granda í Hrakhólma, á túni við Stekk, á túnnum SA Bessastaða og á leirum vestan megin á Skógtjörn. Heiðlóa er farfugl, sást ekki í vetratalningum 2005–2014.




63. mynd. Heiðlóur sem voru skráðar á Álftanesi árið 2014.



64. mynd. Heiðlóur í vetrarbúningi við Hliðsnes (sjá 62. mynd) 15.9.2014.


Rauðbrystingur *Calidris canutus* er algengur umferðarfugl, á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva í V–Evrópu. Fyrstu rauðbrystingarnir sáust 14. apríl og var vorhámarkið 19. maí, 608 fuglar. Hann sást ekki í júní, en fyrstu fuglarnir á bakaleiðinni, í „haustfarinu“, sáust 7. júlí. Haustfarið var mun minna en vorfarið, hámarkið var aðeins 33 fuglar 29. júlí. Síðustu fuglarnir sáust 15. sept. (65. mynd).

Stærsti hópurinn var 350 í flóðsetri við Skógtjörn 19. maí (forsíðumynd). Hefur fækkað á Álftanesi, stærsti hópurinn sem GAG skráði á árum áður var 1500 fuglar á sama stað. Þetta er sambærileg fækkun og verið hefur í Arnarnesvogi og Kópavogi á síðustu árum (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014). Rauðbrystingar sjást annars á helstu vaðfuglastöðum eins og við ós Skógtjarnar (vestan við Lambhaga), í Sandskarði og á Granda og jafnvel á túnum við Bessastaði. Viðkomustaðirnir virðast hafa færst nokkuð til frá árinu 1992. Skógtjörn var mikilvæg þá sem nú. Vestanvert Álftanes var ekki skoðað 1992, utan Skógtjarnar, svo staðir þar sem við sáum hópa voru ekki taldir. Aftur á móti sáust mun fleiri fuglar þá á austanverðu svæðinu, á Eyri, í Seylu, við Bessastaði og Lambhúsatjörn.




65. mynd. Rauðbrystingar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Sanderla *Calidris alba* er fargestur á leið milli varpstöðva á NA–Grænlandi og vetrarstöðva við strendur V–Evrópu og V–Afríku. Sást aðeins í þremur talningum, 19. maí og 4. júní (vorfari) og 29. júlí (haustfari). Flestar sáust 19. maí, 182 og voru stærstu hóparnir í Helguvík og Sandskarði (Gesthúsafjörum). Aðeins 11 sáust í lok júlí (66. mynd).



66. mynd. Sanderlur sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.


Sendlingur *Calidris maritima* er algengur á veturna og strjáll fargestur. Sást í öllum talningum nema einni, 4. júní. Þeir voru flestir í fyrstu talningunni (236). Lítil toppur var um vorið, 5. maí (59) og annar síðsumars þann 29. júlí (31; 67. mynd). Í vetrartalningum 2005–2014 sáust að meðaltali 138 (90–220, (2. viðauki). Eins og öðrum vaðfuglum hefur sendlingi fækkað í vetrartalningum í Hafnarfirði og á Álftanesi á undanförunum árum (Náttúrufræðistofnun 2015). Sendlingurinn sækir í þangfjörur og sáust þeir langmest vestan megin á Álftanesi, frá Bala að Hrakhólum.



67. mynd. Sendlingar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Lóupræll *Calidris alba* er algengur varpfugl og strjáll fargestur. Þéttasta varp lóupræls var við austanverða Bessastaðatjörn árið 2004, en dreift varp var um allan Bessastaðahrepp. Fyrsti lóuprællinn sást 24. apríl og var vorhámarkið 19. maí, 76 fuglar. Svipaður fjöldi sást síðan frá 7. júlí – 14. ágúst (56–60), eftir það fór þeim

fækkandi og sáust síðustu tveir fuglarnir 15. sept (68. mynd). Stærsti hópurinn var á leirunni við sunnavert Hlið (útaf Skógtjarnarósi) þann 19. maí, 41 fugl. Það var aðal lóuprælastaðurinn, en hann sást annars á helstu vaðfuglastöðum. Lóuprælar yfirgefa landið á haustin og sjást yfirleitt ekki í vetrartalningum.



68. mynd. Lóuprælar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago* er fyrst og fremst varpflugl á Álftanesi. Hann sást frá 14. apríl til loka ágúst, 0–13 fuglar í talningu. Verpur dreift á óbyggðum svæðum, í þremur athugunum 1992, 1996 og 2004 fundust árlega 49 óðul í Bessastaðahreppi. Eina skiptið sem hægt var að tala um hóp, voru 10 fuglar við Kasthúsatjörn 29. ágúst, en á Íslandi fara hrossagaukar sjaldan um í hópum nema á fartíma.


Jaðrakan *Limosa limosa* er strjáll fargestur og sjaldgæfur varpflugl. Árið 2004 urpu tvö þör nærri Bessastaðatjörn, en hann varp ekki 1992. Sást á tímabilinu 24. apríl til 15. sept. Tveir litlir hópar sáust í ágúst, 10 fuglar SA Bessastaða 14. ágúst og 22 við Bessastaðatjörn 29. ágúst. Endranær sáust stakir eða örfáir fuglar saman.

Spói *Numenius phaeopus*. Fyrst og fremst varpflugl á Álftanesi, árið 2004 fundust 19 óðul og voru öll nema tvö í Bessastaðanesi. Árið 1992 urpu 10–11 þör í Bessastaðanesi. Spóar sáust frá 24. apríl til 29. ágúst, 0–19 fuglar í talningu. Eini hópurinn sem sást voru 17 fuglar í fjörunni við Hausastaði 5. maí. Spóar sjást annars sjaldan í fjörum.

Fjöruspói *Numenius arquata* er aðallega vorgestur, en sést einnig á haustin og eitthvað þess utan. Hann sést aðallega á vestanverðu Álftanesi, oftast stakir fuglar við Skógtjörn. Fjöruspói var við Skógtjörn 14. apríl og í Helguvík 19. maí 2014.

Stelkur *Tringa totanus* er algengur árið um kring. Hefur svipaða varpútbreiðslu og fjölda (45 óðul 2004) og hrossagaukur, sækir sérstaklega í gömul tún og túnjaðra til varps. Stelkar sáust í öllum talningum og var meðalfjöldinn 35, ef toppurinn 29. júlí er undanskilin. Þá er haustfartími og sáust 135 fuglar, mest 43 við Skógtjörn og 49 við Skógtjarnarós, vestan Lambhaga (69. og 70. mynd). Meðaltal í vetrarfuglatalningum

2005–2014 var 16 (2–28; 2. viðauki). Vetursetustelkum hefur fækkað á undanförunum áratugum.



69. mynd. Stelkar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.




70. mynd. Stelkshjón á góðri stundu á Álftanesi 3. maí 2008.

Tildra *Arenaria interpres* sést árið um kring, en er þó fyrst og fremst vorfargestur í fjörum. Tildran sækir bæði í þangfjörur og leirur, sést stundum í túnum og við tjarnir. Tildrur á leið milli varpstöðva á Grænlandi og í NA–Kanada og vetrarstöðva í V–Evrópu

suður til V–Afríku, hafa viðdvöl hérlendis vor og haust. Tildrur sáust í öllum talningum, þær voru algengastar í maí, hámarkið var 19. maí, 299 fuglar. Stærstu hóparnir voru í Sandskarði og á Granda (65) og í Bakkafjöru (56), en þær voru annars dreifðar í fjörum, við tjarnir og í túnum (71. mynd). Hausthámarkið var mun minna, 76 fuglar 26. ágúst (72. mynd). Meðaltal í vetrarfuglatalningum 2005–2014 var 41 fugl (5–165, 2. viðauki).



71. mynd. Tildrur og rauðbrystingur við Bessastaði 19.5.2014. Um þetta leiti sækja fjörufuglarnir oft í tún og móa, til að tína smádýr.



72. mynd. Tildrur sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Óðinshani *Phalaropus lobatus* er gestur á tjörnunum yfir hásumarið. Hann var áður strjáll varpfugl, en sést nú orðið sjaldan. Sást nú aðallega á Kasthúsatjörn: tveir fuglar 19. maí, þrír fuglar 4. júní og 5 sama dag á Breiðabólstaðatjörn, loks 31 þann 7. júlí á Kasthúsatjörn.

Þórshani *Phalaropus fulicarius* er sjaldgæfur gestur á Álftanesi að sumarlagi. Nú sást þórshani á óvenjulegum tíma, stakur fugl á sjónum við Hliðsnes 2. janúar 2015 (IAS). Heimildir eru um varp á Álftanesi.

Kjóí *Stercorarius parasiticus* er sumargestur á Álftanesi. Sást óreglulega á flugi yfir sjó eða sitjandi á töngum (Melshöfða, Hrakhólum) á tímabilinu 24. apríl til 29. ágúst, nær alltaf stakir fuglar. Hefur orpið á Álftanesi.

Rita *Rissa tridactyla* er sjófugl, flestar saúst í æti við Hrakhólma eða sátu þar. Ritur saúst frá 5. maí til 26. okt., 95% þeirra í tveimur talningum í júlí. Sást ekki í vetrartalningum.




73. mynd. Hettumáfar og fáeinir sílamáfar yfir varpinu í Stekkjarmýri 4. júní 2014. Hettumáfarnir á myndinni eru alls 638.

Hettumáfur *Larus ridibundus* er algengur varpfugl, sem sést á Álftanesi árið um kring. Eitt stærsta hettumáfsvarp landsins var lengi við norðanverða Bessastaðatjörn, í Stekkjarmýri og Stekkjarhólma. Þar urpu 830 pör 1992 og var það þá talið stærsta varp landsins. Árið 2004 var varpið talið 540 pör. Við töldum fugla í varpinu 4. júní þannig. að annar talningamaður gekk inni varpið og fældi fuglana upp, meðan hinn ljósmyndaði hópinn. Talið var á myndum, en vafalítið hafa einhverjir fuglar ekki komið

fram. Lágmarkstala var 638 hettumáfar (73. mynd). Þörin hafa því verið kringum eða rúmlega 400, sbr. margföldunarstuðul Bullock & Gomershall 1981. Fleiri lítil vörp gætu verið á svæðinu, við skoðuðum það ekki. En það er ljóst að hettumáfi hefur fækkað, allavega frá 1992.

Engir hettumáfar sást í marstalningu, en í öllum öðrum talningum. Flestir voru þeir 14. apríl (149) og í vetrartalningu 27. des. (196). Talningin í varpinu í Stekkjarmýri er ekki tekin með. Fæstir sást í júlí og október (74. mynd). Meðaltal í vetrarfuglatalningum 2005–2014 var 82 (0–443; 2. viðauki).




74. mynd. Hettumáfar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Stormmáfur *Larus canus* er sjaldséður vetrar- og vorgestur. Sást í fjórum talningum, 1–3 fuglar. Kom fram í þremur miðsvetrartalningum, 3–10 fuglar (2. viðauki). Hefur orpið á Álftanesi.

Silfurháfur *Larus argentatus* sást árið um kring og kom fram í öllum talningum, en þó ekki í miklu magni, frá 9 og uppí 39 fugla, 24 að meðaltali. Hann er fátíðastur yfir hásumarið, frá maí til ágúst (75. mynd). A.m.k. eitt par var í sílamáfsvarpinu í Bessastaðanesi á liðnu sumri. Meðaltal í vetrarfuglatalningum var 39 fuglar (16–132; 2. viðauki). Heldur sig með öðrum máfum og verpa fáeinir innanum sílamáfa í Gálgahrauni og jafnvel víðar.

Sílamáfur *Larus fuscus* er væntanlega næstalgengasti varpfuglinn á Álftanesi. Vörp eru í Bessastaðanesi, í Holtinu norðan Skógtjarnar, í Gálgahrauni og Garðaholti og skipta varppörin hundruðum (76. mynd). Ekki var gerð nein tilraun til að meta stærð varpanna, fyrir utan að við töldum fugla í Garðaholti 4. júní og reyndust þeir 170 (rúmlega 100 pör) og fuglar í Bessastaðanesi voru alltaf taldir.




75. mynd. Silfumáfar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.




76. mynd. Sílamáfar í varpi í Garðaholti 2.8.2003.

Sílamáfur er farfugl sem kemur snemma, 22. mars sáust tveir. Síðan fjölgaði þeim hratt fram til 19. maí, þá töldum við 715 fugla, en það var í upphafi varps. Þeim fækkaði síðan til 7. júlí þegar fuglar voru á hreiðrum, en þegar ungar fóru á stjá fjölgaði þeim aftur og var síðsumarshámarkið 29. ágúst, 681 fugl. Þeim fækkaði síðan og voru sílamáfar alveg horfnir 26. okt (77. mynd).




77. mynd. Sílamáfar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Bjartmáfur *Larus glaucoides* er vetrar- og vorgestur frá varpstöðvum á Grænlandi. Sást frá október og fram eftir maí, en hvarf alveg frá júní-sept (78. mynd). Bjartmáfur er algengur í vetrartalningum, meðaltalið var 81 fugl (3–288; 2. viðauki). Helstu fundarstaðir bjartmáfa um vorið voru máfasetstaðir í Hrakhólmmum og í Sauðatanga, norðan í Bessastaðanesi, en auk þess í Seylu. Á veturna eru þeir helst með vesturströndinni, frá Langeyri að Hliðsnesi.




78. mynd. Bjartmáfar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus* sást árið um kring, en var algengastur yfir háveturinn. Sást í öllum talningum nema 4. júní. Fáir frá mars til ágúst, en fór að fjölga í september og náði hámarki í lok desember (79. mynd). Meðaltalið í 10 vetrartalningum 2005–2014 var 261 fugl (47–805; 2. viðauki). Sást helst frá Bala að Hliðsnesi, í Hrakhólmmum og kringum Seylu.



79. mynd. Hvítmáfar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Svartbakur *Larus marinus* er allgengur árið um kring, en algengastur yfir háveturinn. Meðaltalið í talningum mars – október var 25, en þann 27. des. voru þeir 121 (80. mynd). Svartbakar voru langalgengastir á svæðinu Hlið– Hrakhólmar. Ef til vill verpa fáein pör í sílamáfsvörpunum, en um 20 pör urpu í Bessastaðanesi 1992. Meðaltalið í vetrartalningum 2005–2014 var 37 fuglar (6–573 fuglar; 2. viðauki).




80. mynd. Svartbakar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Kría *Sterna paradisaea* er algeng yfir sumartímann, sást frá 5. maí til 15. sept., þó þeim hafi fækkað mikið eftir 14. ágúst (81. og 82. mynd). Krían var algengur varpfugl á Álftanesi fram að stofnhruninu sem hófst 2005, þegar fyrst varð vart við skort á sandsíli og kríuvarp hrundi á Seltjarnarnesi. Það hefur ekki borið sitt barr síðan (Jóhann Óli Hilmarsson 2013). Á árunum 2003–2004 urpu um 900 pör á Álftanesi, stærstu

vörpin voru í Holtinu norðan Skógtjarnar, á Hliðsnesi og við Skansinn. Við gerðum enga tilraun til að áætla stærð kríuvarpa, varpið í Hliðsnesi hefur færst til og minnkað og neðan við Garðamýri var allstórt varp með hundruðum para. Tilraun til að endurheimta kríuvarpið í Hliði virðist ekki hafa skilað árangri.

Krír sáust á öllum talningasvæðum nema í tünnum, mest við sjávarsíðuna. Tvær hámarkstölur ber að nefna, 328 fuglar á setstað (flóðsetri) við Skógtjörn 19. maí og 470 fuglar í miklu æti við Hrakhólma 29. júlí, en hópar sáust víðar í æti þann dag.



81. mynd. Krír sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Álka *Alca torda* er sjaldséður vetrargestur, fjórar sáust í vetrartalningu 29. des. Stakir fuglar sáust í tvígang í öðrum vetrartalningum 2005–2013 (2. viðauki).

Teista *Cephus grylle* er sjaldséður haust- og vetrargestur. Ung teista sást í Seylu 15. sept. Önnur sást í vetrartalningunni 27. des. við Hliðsnes. Var tvisvar skráð í öðrum vetrartalningum, 1–2 fuglar (2. viðauki).

Lundi *Fratercula arctica* er sjaldséður sumargestur, sást í tvígang í æti nærri Hrakhólmmum, 13. fuglar 29. júlí og 10 fuglar 14. ágúst. Við fréttum jafnframt af 18 fuglum við Hlið 11. júlí (EBB). Næsti varpstaður er í Akurey og gætu þessir fuglar komið þaðan.

Brandugla *Asio flammeus* er sjaldséður haustgestur, stakur fugl var í Bessastaðanesi 15. sept.

Landsvala *Hirundo rustica*. Sjaldséður gestur á Álftanesi, stakur fugl var á flugi við Kasthúsatjörn 29. ágúst. Landsvala er annars árlegur vor- og sumargestur hérlendis og strjáll varpfugl.



82. mynd. Kría á flugi, 21.6.2005.

Púfutittlingur *Anthus pratensis* er algengur varpfugl á Álftanesi, sást frá 24. apríl til 15. sept. Á árunum 1992–96 fundust 52 óðul í Bessastaðahreppi, árið 2004 voru þau 62. Þúfutittlingar komu ekkert sérlega vel fram í talningum okkar, flestir sáust á þeim svæðum sem voru gengin, frá Bala að Hliðsnesi og í Bessastaðanesi.

Maríuerla *Motacilla alba* er sumargestur og strjáll varpfugl. Maríuerla sáust frá 24. apríl til 29. ágúst. Fuglar sáust á velflestum svæðum nema tünnum, flestar 16 þann 29. júlí, þar af 9 á svæðinu Bali – Hliðsnes og 6 frá Hrakhólmum að Eyri. Talið er að 3–5 pör hafi orpið árið 2004, en hún verpur í gömlum útihúsum, hlöðnum veggjum, hraunum o.þ.h.


Steindepill *Oenanthe oenanthe* er strjáll fargestur og sjaldgæfur varpfugl. Fáeinir fuglar sáust frá 5. maí til 4. júní. Aðeins fleiri sáust frá 14. ágúst til 15. sept. Einn vinsælasti staður steindepla er sjóvarnargarðurinn frá Granda að Kasthúsatjörn. Talið er að 1–3 pör hafi orpið árið 2004. Steindepill var einn algengasti varpfuglinn í Gálgahrauni 1999 og 2001.

Skógarþröstur *Turdus iliacus* verpur í grónum görðum og trjálundum, áætlað 10–20 pör árið 2004, en verpur einnig í hraunum. Kom varla fram í talningum, 6 fuglar sáust á tveimur stöðum 26. okt. Kom fram í þremur vetrartalningum 2005–2014, 1–4 fuglar í hverri (2. viðauki).

Svartþröstur *Turdus merula* hefur svipaða stöðu og skógarþröstur, verpur í grónum görðum og trjálundum í svipuðum fjölda. Kom illa fram í talningum, tveir sáust 26. okt. milli Garða og Hausastaða og 6 í garði við Skógjörn 27. des. Kom oftast fram í

vetrartalningum en skógarþróstur, að meðaltali 3 (1–6) sáust í 5 talningum 2005–2014 (2. viðauki).

Hrafn *Corvus corax* er fyrst og fremst vetrargestur, en hefur orpið í Gálgahrauni. Hrafnar sáust frá 26. okt. til 14. apríl, með hámarki í vetrartalningunni 27. des., þess utan aðeins stöku fuglar (83. mynd). Meðaltalið í vetrartalningum 2005–2014 var 54 fuglar (19–156; 2. viðauki). Hrafnar sjást um allt svæðið, en eru þó algengastir kringum byggðina frá Bala að Hausastöðum.




83. mynd. Hrafnar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Stari *Sturnus vulgaris* var algengasti spörfuglinn í talningunum, hópar sáust víða árið um kring. Árið 2004 var talið að 30–50 pör yrpu í Bessastaðahreppi. Minnst sást af stara á varptíma, en þess utan var talan mjög sveiflukennd (84. mynd). Fuglar sáust í alls konar búsvæði, þó þeir væru tíðastir í fjörum; til dæmis á talningasvæðinu Bali–Hliðsnes sáust starar oft í ætisleit í fjörunni. Meðaltal í 10 vetrartalningum 2005–2014 var 79 fuglar (8–243; 2. viðauki).

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Vetrargestur, sem sést helst í hörkum um hávetur. Strjáll varpfugl í Gálgahrauni og ef til vill víðar. Ungfugl sást í sjóvarnargarðinum nærri Granda 14. ágúst, stakur fugl 26. okt., þrír 22. mars og 170 í vetrartalningu 27. des. Í vetrartalningum 2005–2014 sáust að meðaltali 337 fuglar (58–1214; 2. viðauki).

Auðnutittlingur *Carduelis flammea* sást aðeins einu sinni, 12 fuglar á svæðinu Bali – Hliðsnes 26. okt. (í Bakkafjöru). Kom ekki fram í vetrartalningum. Ekki er ólíklegt að eitthvað af auðnutittlingi verpi í grónum görðum og trjálundum.



84. mynd. Starar sem voru taldir á Álftanesi árið 2014.

Spendýr

Landselur *Phoca vitulina* sást í öllum talningum og á öllum fjörusvæðum, en aldrei margir eða tveir að meðaltali (1–9). Flestir sást 9 þann 22. mars. Aðalselaslóðir voru Skógtjörn og Hlið – Hrakhólmar. Aðeins einn selur sást á svæðinu Eyri – Rani. Í miðsvetrartalningum á árunum 2005–2014 sást landselir óreglulega frá Langeyri í Hliðsnes (mest fjórir) og á Skógtjörn (mest 8). Upplýsingar vantar frá svæðinu Hlið – Arnarnesvogur.

Kanínur *Oryctolagus cuniculus* sást þrisvar, tvær og fjórar á Breiðabólstaðaeyri 19. maí og 15. sept. og tvær við Breiðabólstaðatjörn 5. maí.

Í vetrartalningum komu fram tvær aðrar spendýrategundir, báðar aðeins einu sinni á svæðinu frá Langeyri í Hliðsnes: stakur **útselur** *Halichoerus grypus* 29. des. 2007 og fjórir **hnúfubakar** *Megaptera novaeangliae* 28. des. 2008.

Verndun tegunda og svæða

Núverandi friðlýsingar

Nokkur hluti Álftaness hefur nú þegar verið friðlýstur: fjörur og grunnsævi í Garðabæ fyrir sameiningu við Álftanes, Hlið og Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara. Bessastaðanes lýtur friðunar sem æðarvarp.

Hlið var friðlýst sem fólkvangur árið 2002. „Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu. Margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir sem finnast innan fólkvangsins. Tegundirnar eru í Bernarviðauka II og III en þeir viðaukar eru í

samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993). Stærð fólkvangsins er 39,6 ha.“ (Umhverfisstofnun 2002a).

Hluti **Kasthúsatjarnar** og umhverfi hennar á Álftanesi var friðlýst sem friðland árið 2002 og er markmið með friðlýsingunni „að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu. Stærð friðlandsins er 4,20 ha.“ (Umhverfisstofnun 2002b).

Fjaran útifyrir Kasthúsatjörn var svo friðlýst sem fólkvangur árið 2002 [frá Granda að Blikastíg]. „Markmið með friðlýsingu fjörunnar sem fólkvangs er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu. Stærð fólkvangsins er 17,6 ha.“ (Umhverfisstofnun 2002b).

Skerjafjörður og Hafnarfjörður innan bæjarmarka Garðabæjar var friðlýst sem búsvæði árið 2009. „Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Einnig er markmið með friðlýsingunni að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útivistar við ströndina.

Skerjafjarðarsvæðið er undirstaða afar fjölbreytts fuglalífs allan ársins hring og er svæðið mikilvægur viðkomustaður farfugla og fargestar sem hér hafa viðdvöl á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum. Fjörur og leirur svæðisins eru lífríkar, þar eru miklar þangfjörur og grunnsævi er með auðugu botndýralífi. Skerjafjarðarsvæðið í heild sinni hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar og einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms, en plantan hefur takmarkaða útbreiðslu hér á landi og er ein aðalfæðutegund margæsar. Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott, en strandlengjan er vinsæl til útivistar og fjörðurinn til skemmtisiglinga. Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978. Stærð búsvæðisins er 427,5 ha“ (Umhverfisstofnun 2009).

Svæði

Það er ljóst að fuglalíf á Álftanesi er mjög ríkulegt árið um kring á hinum mismunandi búsvæðum. Þar eru lífríkar fjörur, frjósamar tjarnir og stór óbyggð svæði. Þetta lífríki er einstakt innan mesta þéttbýlis landsins á Innnesjum og þarf að umgangast það með mikilli gát og af varfærni. Þangað sækja margir hópar fugla með ólíkar þarfir; varpfuglar, fargestir, fellifuglar og vetrargestir. Fuglar þurfa góða staði til að afla sér fæðu, næði til hvíldar og varps. Fuglar gera afar mismunandi kröfur til fæðu og búsvæða. Æðarfugl gerir allt aðrar kröfur en t.d. stelkur eða hettumáfur.

Fjörur og grunnsævi er eitt fuglaríkasta búsvæði landsins og þar hafa fuglar aðgang að fæðu árið um kring. Strandlengja Íslands er um 6000 km og grunnsævi og fjörur mestar á vestanverðu landinu, við Faxaflóa og Breiðafjörð. Á fartíma vor og

haust sækja vaðfuglar þúsundum saman í fjörur og leirur um land allt. Grunnsævi er mikilvægt fyrir endur (t.d. æðarfugl, hávellu og toppönd) og skarfar, máfar og kríur sækja mikið í þetta búsvæði. Grunnsævi er víðfeðmt meðfram langri strandlengju Álftaness. Fjörur Álftaness eru nær óraskaðar, nema sjóvarnir hafa víða verið styrktar með grjótgörðum. Þó þarf að gera átak í að hreinsa fjörur, sérstaklega er mikil þörf að hreinsa fjöruna frá Pálsbæ að Hausastöðum. Þar er mikið af netadræsum á marbakkanum, sem geta verið fuglum og öðrum dýrum skeinuhættar. Eina leiran sem er horfin, er sú sem var á því svæði sem Bessastaðatjörn er nú.

Stór, óbyggð svæði eins og Bessastaðanes, Gálgahraun, Garðaholt og Álamýri, Holtið norðan Skógtjarnar og víða umhverfis Bessastaðatjörn, eru mikilvæg varplönd fyrir þúsundir fugla. Bessastaðanes er afar mikilvægt svæði fyrir mófugla, þar sem þeir þrífast í skjóli friðunar æðarvarpsins. Mjög varlega verður að fara í að opna það svæði fyrir umferð og Holtið norðan Skógtjarnar er sérstaklega viðkvæmt.

Til að fuglalíf megi dafna sem best ber að forðast að raska ósnortnum svæðum með jarðvegsfyllingu, eins og gert hefur verið á sendnum svæðum, t.d. á Hliði, á sjávarbökkum, bæði við Gesthús og Kasthúsatjörn og nýlega á Breiðabólstaðaeyri. Á þessu stöðum hafa fuglar eins og sandlóa átt undir högg að sækja (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).

Tún eru mikilvæg fyrir gæsir, en einnig rauðhöfðaönd, heiðlóu og fleiri fugla. Margæsir dvelja verulegan hluta af vorfarinu í túnum, einkum á flóði. Breyttir búskaparhættir og þá helst minni túnrækt, er áhyggjuefni vegna vorbeitar gæsa. Þetta sést vel á flugmyndum teknum í ágúst 1996 og eru birtar hér í skýrslunni (7., 13. og 19. mynd). Þessi órækt hefur einkum slæm áhrif á margæsina. Huga þarf að því að rækta upp og bera lífrænan áburð á fáein valin tún, t.d. í nágrenni Bessastaða, þar sem margæsin gæti átt sér fæðuuppsprettu og griðland (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004, Svenja N.V. Auhage & Guðmundur A. Guðmundsson 2008).


Víða er mýrlendi, sem hægt er að endurheimta og við Kasthúsatjörn er mýri, sem lengi hefur staðið til að endurheimta. Með endurheimt votlendis er verið að bæta búsvæði fugla, koma í veg fyrir jarðvegsrof og koma vatnsbúskap votlenda aftur í upprunalegt horf. Mýrar sem mætti endurheimta eru: Dysjamýri, Garðamýri, Álamýri, svæðið sunnan og austan Kasthúsatjarnar; Skansmýri, Litlamýri, mýrin í Músavík og Kringlumýri í Bessastaðanesi. Einhverjir skurður eru á svæðinu við norðanverða Bessastaðatjörn, en spurning hvort þeir hafi enn framræsluáhrif. Mýrlendi sunnan og austan Kasthúsatjarnar væri æskilegt að friða fyrir beit.

Fuglar sem tilheyra andaætt verða ófleygir yfir fellitímamann og þurfa þá gott næði og aðgengi að nægri fæðu. Slík svæði á Álftanesi eru helst Skógtjörn, Kasthúsatjörn og Bessastaðatjörn, mikilvægt er að vernda slíka staði og tryggja að fuglarnir verði ekki fyrir ónæði yfir fellitímamann. Skógtjörn er líka mikilvægt fæðusvæði fyrir margæsir og fleiri fugla. Banna ætti ferðir smábáta, sæpotna og svifhlífa á henni á vorin og sumrin.

Aukin byggð og breyttar nýttar munu þrengja að búsvæðum fugla. Þétting byggðar er víða á stefnuskránni og nýtt byggingarland þarf að velja af kostgæfni og í samráði við sérfræðinga. Allar hugmyndir um smábátahafnir, ylstrandir og fleiri fylgífiska nútímans, þarf að skoða með gagnrýnum verndaraugum. Álftanes er mjög vinsælt útivistarsvæði og vel fallið til fuglaskoðunar og annarrar náttúruskoðunar. Skipuleggja þarf aðgengi og viðkomustaði útivistarfólks.

Margar hugmyndir hafa komið fram um „nýtingu“ Bessastaðaness, enda eru óbyggð svæði þynnrir í augum margra „nýtingarsinna“. Flugvöllur á Bessastaðanesi eða í

Hólmum og á Lönguskerjum, hraðbraut frá Álftanesi yfir Skerjafjörð til Kársness eða jafnvel Skildinganes. Allar þessar hugmyndir og fleiri, hafa skotið upp kollinum á undanförunum árum og áratugum. Að okkar mati eru þær slæmar og í versta falli fáránlegar, hverjum dettur eiginlega í hug að byggja flugvöll útí sjó, þar sem útsynningur með tilheyrandi saltburði er ein höfuðvindáttin? Það mun einnig vera stöðug hættu á árekstrum flugvéla og fugla á slíkum stað. Auk þess sem Skerjafjörðurinn er á verndarskrám.



85. mynd. Grágæsaþjón á beit nærri Kasthúsátjörn 24.4.2010.

Fuglar

Ísland hefur mikilvægu hlutverki að gegna, sem viðkomustaður fyrir hánorræna fugla á leið þeirra milli vetrarstöðva í Evrópu og Afríku og varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada. Sumur á norðlægum slóðum eru stutt og því skammur tími til stefnu fyrir fuglana að verpa og koma ungunum á legg. Dvalartími þessara fargestu á Íslandi á vorin fer í að safna fituforða, sem nægir til að skila þeim á varpstöðvarnar, viðhalda þeim þar fyrsta kastið og þroska eggin. Dvölin á Íslandi hefur grundvallarþýðingu fyrir þessa stofna og án hennar væri þessi leið á varpstöðvarnar ekki fær. Oft er talað um „bensínstöðina Ísland“ þegar þessir fuglar eiga í hlut. Margæs, rauðbrystingur og tildra eru eindregnir fargestir, en grænlenkir lóuprælar og sandlóur fara jafnframt um íslenskar fjörur vor og haust (Jóhann Óli Hilmarsson 2011).

Margæsin er lykiltegund, þegar kemur að því að skoða hvaða tegundir falla undir verndarviðmið um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA, *Important Bird Areas*) skv. staðli Alþjóða fuglaverndarsamtakanna *BirdLife International* á Álftanesi (Ólafur Einarsson 2000). Margæs hefur hér lengri viðdvöl á vorin en aðrir umferðarfuglar, vegna þess hve mikilvægt er fyrir fuglana að fita sig, bæði til að eiga orku í hið erfiða farflug yfir Grænlandsjökul og svo fyrir kvenfuglinn til að eiga næga orku fyrir varpið,

en það vorar ekki á varpstöðvunum fyrr en langt er komið á áleguna. Mun færri fuglar sjást á haustin á Álftanesi (Náttúrufræðistofnun, án ártals). Miðað við fyrirbyggjandi gögn virðist einhver fækkun hafa orðið á margæsum (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004, Svenja N.V. Auhage & Guðmundur A. Guðmundsson 2008). Þau gögn byggja á mun þéttari talningum en fram fóru 2014 og verður því ekki frekar spáð í stofnsveiflur eða hvernig margæsinar dreifast. Það er þó ljóst að yfir 5% kviðljósa margæsastofnsins (*B. b. hrota*) hefur viðkomu á Álftanesi á vorin, en svæði sem hýsa 1% eða meira af tilteknum stofni með reglubundnum hætti teljast alþjóðlega mikilvæg. Þessi tala hefur náð rúmum 10% af stofninum (Svenja N.V. Auhage & Guðmundur A. Guðmundsson 2008). Gæsinar fara að birtast í lok mars og þær síðustu fara í byrjun júní. Talið er að meðaldvöl þeirra á Álftanesi sé rúmur mánuður (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004).

Rauðbrystingur var lykiltegund og áberandi á vorin á Álftanesi, en honum hefur nú fækkað svo mikið að hann nær ekki lengur lágmarki í verndarviðmiði. Þessi þróun hefur ekki bara verið á Álftanesi, heldur víðar á Innnesjum. Vísbendingar eru um það, að dreifing rauðbrystinga á fartíma sé önnur nú en áður og eru þeir m.a. farnir að sækja í kornakra á vorin. Ekki er vitað hvort þeim hafi fækkað á landsvísu, þar sem engin heildartalning hefur verið gerð á Íslandi síðan 1990. (Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012, Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014).

Varpstofn æðarfugls var vel á fjórða þúsund pör á Álftanesi 1992 og því yfir 1% af íslenska stofninum (Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1993). Varpið var talið svipað að stærð 2014. Grágæsir á Álftanesi í júlí ná 1% af íslenska stofninum (Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012, Jóhann Óli Hilmarsson 2011). Sílamáfsstofninn er stór, gæti náð umræddu 1%, en nýlegar upplýsingar skortir um heildarstærð varpanna á Álftanesi.

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (María Harðardóttir 2003) og í skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA skrá; Ólafur Einarsson 2000) eru sendlingur að vetri (1000 fuglar) og tildra á fartíma (200 fuglar) auk þess nefndar sem tegundir með alþjóðlegt verndargildi á Álftanesi. Sendlingi hefur fækkað mikið á Álftanesi og á árunum 2005-2014 fóru þeir aldrei upp fyrir 220 fugla. Tildran náði aftur á móti 300 fuglum í vorhámarki, svo hún virðist halda stöðu sinni.

Víða um Álftanes er mikilvægt varpland fyrir fugla, en varp var ekki kannað í þessari rannsókn utan þess sem fram kemur í fuglaskránni. Varp á Álftanesinu er víða þétt og ljóst að mikilvægustu varplöndin eru Bessastaðanes, hólmar og bakkar Bessastaðatjarnar, Gálgahraun og svæðið norðan við Skógtjörn, sem nefnt er Holtið, en það er mikilvægt varpland og var mófuglavarp óvída jafnþétt árið 2004 (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Tjarnir, fjöru og grunnsævi eru mikilvæg uppspretta fæðu fyrir fugla í varpi og unga sem eru að vaxa.

Engar verulegar breytingar hafa orðið á heildarfjölda fugla að vetrarlagi síðustu tíu árin. Tveir óvenjulegir toppar eru útskýrðir í kaflanum um vetrarfuglatalningarnar. Eftir nokkra lægð á árunum 2010–2012 virðist fuglalífið aftur vera að rétta úr kútnum. Fjöldi fugla á grunnsævi við Álftanes ræðst mjög af fiskigöngum, sérstaklega Hafnarfjarðarmegin. Fækkun fugla 2010–2012 tengist fækkun máfa, en stórir máfar hurfu að miklu leyti frá Innnesjum þessa vetur og fluttu sig yfir á sunnanverðan Breiðafjörð og þá aðallega í Kolgrafarfjörðinn. Þar var gríðarlegt magn fæðu, síldar, bæði dauðrar og lifandi. Á meðan síldin var í Kolgrafarfirði, höfðu þúsundir máfa þar vetursetu (Róbert Arnar Stefánsson & Menja von Schmalensee 2013). Hluti þessara

máfa hefðu annars haldið sig við Innnes yfir veturinn. Lítil síld var í sunnanverðum Breiðafirði veturinn 2014-15 og skiluðu máfarnir sér þá aftur á Álftanesið.

Lokaorð

Sérstaða Álftaness sem byggðar liggur í hinum nánu tengslum mannfélagsins við náttúruna og allt framtíðarskipulag hlýtur að miða að því að viðhalda þessum tengslum; fólk, fuglar og fjaran ásamt tjörnum og óbyggðum, óræktuðum svæðum. Túnin eru einnig mjög mikilvæg, sérstaklega fyrir margæsina, sem er tákn vorsins á Álftanesi. Það verður því að viðhalda þeim ef menn telja æskilegt að halda í þann fjölda margæsa sem kemur við á vorin. Álftanesið er mikil náttúruperla, þar eru mörg svæði sem hafa hátt verndargildi, það verður að stíga varlega til jarðar við allt skipulag og framkvæmdir. Það liggur beinast við, eftir sameiningu sveitarfélaga, að ljúka friðlýsingarferli fjörunnar (Skerjafjörður), frá Skógtjörn að Lambhúsatjörn. Jafnframt að friðlýsa ófriðaða hluta Kasthúsatjarnar, Breiðabólstaðatjörn og Bessastaðatjörn ásamt bökkum. Skoða þarf hvernig málum helstu óbyggðra svæða verður best háttað fyrir fugla og fólk í framtíðinni.

Heimildir

- Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996. *Álftaness saga. Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir*. Þjóðsaga ehf., Reykjavík, 312 bls.
- Birding Iceland 2015. <https://notendur.hi.is/~yannk/index-eng.html> og <https://www.facebook.com/birdingiceland>. (heimsótt 22.2.2015).
- Birding Iceland 2015. <https://notendur.hi.is/~yannk/index-eng.html> og <https://www.facebook.com/birdingiceland>. (heimsótt 22.2.2015).
- Bullock, I.D. & C.H. Gomershall 1981. *The breeding population of terns in Orkney and Shetland in 1980*. - Bird Study 28(3):187-200.
- Guðlaugur Rúnar Guðmundsson 2001. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Safn til sögu Garðabæjar III*. Útg. Garðabær, 166 bls.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1996a. *Fuglalíf í Bessastaðahreppi: Varpfuglar á nokkrum afmörkuðum svæðum 1996*. – Skýrsla unnin fyrir Sveitarstjórn Bessastaðahrepps. Náttúrufræðistofnun Íslands, nóvember 1996. 6 bls. + 10 myndir.
- Guðmundur A. Guðmundsson 1996b. *Kasthúsatjörn í Bessastaðahreppi: Tillaga um afmörkun friðlands*. – Álitsgerð unnin fyrir Sveitarstjórn Bessastaðahrepps. Náttúrufræðistofnun Íslands, janúar 1996. 3 bls. + kort.
- Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012. *Vöktun íslenskra fuglastofna. Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*. Náttúrufræðistofnun, NÍ 12010, 64 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Fuglalíf í Gálgahrauni og víðar á Álftanesi*. Greinargerð vegna lagningar nýs Álftanesvegar, unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu, 12 bls. + kort.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2001. *Fuglar á Álftanesvegi (leið D) og Vífilsstaðavegi í Garðabæ*. Skýrsla unnin fyrir Hönnun h.f., verkfræðistofu, 7 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Íslenskur fuglavisir, 3. útgáfa*. Mál og menning, Reykjavík, 342 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2013. *Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2013*. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 20 bls.

- Jón Thorarensen 1945. *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum*. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík, 200 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Guðmundur A. Guðmundsson, 2004. *Gróður og fuglalíf á Álftanesi*. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-04012, 48 bls. + kort.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen og Guðmundur A Guðmundsson 2007. *Vatnafuglar á Innnesjum*. Bls. 83-91 í Jón S Ólafsson (ritstj). – Vötn og vatnasvið á höfuðborgarsvæðinu - ástand og horfur. Náttúrufræðistofa Kópavogs, skýrsla, 100 bls.
- Kristján Eiríksson 1977. *Álftanes, Kjós. Örnefnakort*. 1 bls.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.
- María Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen 1998. *Dreifing æðarfugla úr varpi*. Bliki 19: 57–69.
- Náttúrufræðistofnun (án ártals): <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/Voktunmargaesa/> (heimsótt í feb.-mars 2015).
- Náttúrufræðistofnun 2015. *Vetrarfuglatalningar*. <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/vetrarfuglar/> (heimsótt í feb. 2015).
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). BirdLife International, Cambridge. Bls. 341–363.
- Róbert Arnar Stefánsson & Menja von Schmalensee 2013. *Síld og fuglar í Kolgrafarfirði*. Fuglar 9: 36-43.
- Svenja N.V. Auhage og Guðmundur A. Guðmundsson 2008. *Beit margæsa á Álftanesi vorið 2008. Rannsókn á áhrifum breyttrar landnýtingar*. Unnið fyrir sveitarfélagið Álftanes. NÍ-08014, 17 bls.
- Umhverfisstofnun 2002a. *Friðlýsing Hliðs*. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/hlid-alftanes-/> (heimsótt 20.2.2015).
- Umhverfisstofnun 2002b. *Friðlýsing Kasthúsatjarnar og aðliggjandi fjöru*: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/kasthusatjorn-alftanesi/> (heimsótt 20.2.2015).
- Umhverfisstofnun 2009. *Friðlýsing Skerjafjarðar í landi Garðabæjar*. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/skerjafjordur/> (heimsótt 20.2.2015).
- Ævar Petersen og Árni Davíðsson 1993. *Fuglalíf Bessastaða og nágrennis*. Óbirt skýrsla unnin fyrir Bessastaðanefnd. 23 bls. + 42 myndir.

Viðaukar

1. viðauki. Samantekt á 13 talningum á öllum svæðum á Álftanesi árið 2014														
Fuglar	Dags.	22.3.	14.4.	24.4.	5.5.	19.5.	4.6.	7.7.	29.7.	14.8.	29.8.	15.9.	26.10.	27.12.
Álft		68	5	5	5	4	5	37	57	52	35	83	104	29
Blesgæs					4								4	
Grágæs		107	300	131	328	401	631	1717	933	810	941	598	874	139
Helsingi			1											
Margæs			405	1408	2257	2218	10	2			15	159	180	1
Brandönd		4	2	3	6								4	4
Rauðhöfðaönd		24	83	10	25	26	13	16	27	92	172	148	192	103
Gargönd		0	8	10	9	8	8	13	2	8	9	8	12	0
Urtönd		0	5	6				1		10	16	13	25	5
Stökkönd		107	44	54	51	38	41	31	35	66	170	119	179	251
Grafönd		1									1		1	
Skeiðönd		1			2	2	1	4						
Skúfönd		40	26	29	57	50	51	129	145	216	82	85	31	0
Duggönd		10	12	35	39	16	30	29	35	24	28	7	7	0
Æður		1141	1004	816	1250	2565	2034	745	715	448	1065	1140	1045	1668
Hávella		239	190	137	77	7	2	2				1	223	293
Toppönd		56	52	66	44	58	43	69	66	82	147	218	134	179
Himbrimi								3			3	1		24
Lómur					2									30
Flórgoði												3	1	
Fýll			10		10		1			7		1		
Súla			3	5	3	6			9	26	3	22	10	
Dílaskarfur		1	20	5	22	23	4		1	21	41	17	28	248
Toppskarfur			2											62
Fálki														1
Tjaldur		15	67	65	66	43	52	55	172	74	134	117	46	19
Sandlóa		0	0	21	13	98	20	20	23	7	10	2	82	
Heiðlóa		0	6	11	185	44	4	9	75	188	266	322	290	
Rauðbrystingur		0	79	4	35	608		10	33	25	14	10		
Sanderla						182	37		11					
Sendlingur		79	37	20	59	3	0	5	31	8	6	2	39	113
Lóuþræll				1	3	76	13	56	60	59	31	2		
Hrossagaukur			3	11	5	3	1	1		5	13			
Jaðrakan				3	6		1		5	20	22	3		
Spói				1	19	5	3	5	7		7			
Fjöruspói			1			1								
Stelkur		42	22	35	31	31	16	44	135	37	68	45	26	28
Tildra		8	41	26	132	299	8	6	64	23	76	32	66	32
Óðinshani						2	8	31						
Kjói				1			3	1		4	2			
Rita					1			20	30	2			2	
Hettumáfur			149	96	98	60	43	15	17	52	25	23	11	196
Stormmáfur				2		1							2	3
Silfurmáfur		22	24	41	17	16	15	9	9	21	28	35	39	36
Sílamáfur		2	412	475	636	715	496	291	518	541	681	169		
Bjartmáfur		1	17	13	6	15							9	45
Hvítmáfur		11	17	15	23	21	0	8	12	4	21	32	55	206
Svartbakur		11	38	38	36	15	15	22	34	13	22	23	32	121

Fuglar Dags.	22.3.	14.4.	24.4.	5.5.	19.5.	4.6.	7.7.	29.7.	14.8.	29.8.	15.9.	26.10.	27.12.
Kría	0	0	0	197	787	348	769	1584	257	25	11	0	0
Álka													4
Teista											1		1
Lundi								13	10				
Brandugla											1		
Landsvala										1			
Þúfuttlingur			2	9	7	2	7	9	8	5	9		
Maríuerla			6	5	6	4	6	16	2	3			
Steindepill				2	1	2			7	5	2		
Skógarpröstur												6	
Svartpröstur												2	6
Hrafn	10	30	1	5	1	0	0	1	2	0	0	21	107
Stari	67	128	21	77	87	66	72	131	103	36	53	165	100
Snjótittlingur	3								1			1	771
Auðnutittlingur												12	
Samtals	2070	3243	3629	5857	8549	4031	4260	5015	3335	4229	3517	3960	4825
Spendýr													
Landselur	9	2	3	1	2	1	1	2	1	2	1	1	4
Kanína				2	2						4		



86. mynd. Skógtjörn að vetrarlagi (27.12.2014). Næst er Haustastaðatjörn með Steinboganum, hlöðnum garði sem var hluti leiðarinnar milli Álftanesbæja og Garðahverfisbæja.

2. viðauki. Niðurstöður tíu vetrartalninga á Álftanesi, frá Langeyri í Arnarnesvog (sv. 015a að hluta og allt svæði 016). Náttúrufræðistofnun 2015.

Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Dags	8.1.2006	7.1.2007	29.12.2007	28.12.2008	27.12.2009	9.1.2011	8.1.2012	5.1.2013	28.12.2013	27.12.2014
Lómur	3	2	2			45	2	2	8	30
Himbrimi	1	1	1	2	1	2	6	2	1	24
<i>Ógr. brúsi</i>										
Flórgoði		2								
Fýll										
Súla				12						
Dílaskarfur	403	193	532	970	192	291	54	99	254	248
Toppskarfur	4	16	0	8	0	0	1	0	5	62
<i>Ógr. skarfur</i>	122		121	53	216	26	7	4	27	61
Gráhegri									1	
Álft	31	6	8	66	46	30	55	47	44	29
Grágæs	84	3	1	39	47	120	37	159	147	139
Stökkönd	236	173	283	305	299	199	203	268	255	251
Urtönd	38	7	7	2	9	2	7	3	10	5
Rauðhöfðaönd	77	35	84	71	12	6	74	162	69	103
Skúfönd	17	38	2	11			5	9		
Duggönd		3		8			7			
Hvinönd										
Húsönd										
Hávella	346	671	138	327	471	151	270	117	280	293
Straumönd										
Æðarfugl	2544	2283	1938	2255	2833	1229	880	1043	2204	1668
Gulönd					5				3	
Toppönd	30	115	37	238	47	93	48	58	225	179
<i>Ógr. önd</i>										
Haförn										
Fálki	2	1	1		1				1	1
Smyrill		1	1							
Rjúpa										
Keldusvín										
Tjaldur	77	50	38	58	12	2	23	10	17	19
Fjöruspói		1								
Stelkur	10	27	16	13	18	19	8	2	15	28
Tildra	165	47	38	27	50	16	11	5	19	32
Hrossagaukur										
Rauðbrystingur										
Sendlingur	201	74	181	152	130	220	90	84	135	113
<i>Ógr. vaðfugl</i>										
Stormmáfur	3								10	3
Silfurmáfur	60	27	16	132	28	18	24	24	22	36
Svartbakur	19	58	71	573	20	6	10	13	22	121
Hvítmáfur	725	226	223	805	47	77	139	62	101	206
Bjartmáfur	288	14	3	220	25	53	56	36	67	45
Hettumáfur	443	101	0	34	0	7	0	1	39	196
Rita										
<i>Ógr. máfur</i>			150	350		150	100	110		
Haftyrðill		27								
Álka							1	1		4

Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Dags	8.1.2006	7.1.2007	29.12.2007	28.12.2008	27.12.2009	9.1.2011	8.1.2012	5.1.2013	28.12.2013	27.12.2014
Stuttnefja									7	
Langvía										
Teista		2	1							1
<i>Ógr. svartfugl</i>										
Brandugla										
Húsdúfa										
Músarrindill	1			1		1				
Svartpröstur				4		1		2	2	6
Grápröstur							1			
Skógarpröstur				3		1		4		
Snjótittlingur	1214	113	294	154	65	162	335	58	203	771
Auðnutittlingur										
Stari	41	53	16	116	8	62	243	93	60	100
Hrafn	51	24	22	156	19	51	28	32	48	107
Skeiðönd		1		1						
Gargönd	6									
Grafönd			1							
Brandönd										4
Margæs									1	1
Samtals	7242	4395	4226	7166	4601	3040	2725	2510	4302	4886

3. viðauki. Fuglalisti Álftaness. Listinn er byggður skýrslu Ævars Petersen og Árna Davíðssonar (1993). Eftir það var leitað fanga í flækingaskýrslum, sem birtast í tímaritinu Blika og svo á vefnum Birding Iceland. Vafalaust vantar eitthvað í listann.

1	Hnúðsvanur	44	Fýll	90	Svartbakur
2	Álft	45	Skrofa	91	Dvergmáfur
3	Akurgæs	46	Súla	92	Trjámáfur
4	Heiðagæs	47	Dílaskarfur	93	Hettumáfur
5	Blesgæs	48	Toppskarfur	94	Rita
	Austr. blesgæs	49	Nátthegri	95	Þaraperna
6	Grágæs	50	Bjarthegri	96	Kolþerna
7	Snjógæs	51	Gráhegri	97	Kría
8	Kanadagæs	52	Haförn	98	Langvía
9	Helsingi	53	Turnfálki	99	Stuttnefja
10	Margæs	54	Smyrill	100	Álka
	Austræn	55	Fálki	101	Teista
	Vestræn	56	Förufálki	102	Haftyrðill
11	Brandönd	57	Bleshæna	103	Lundi
12	Mandarínönd	58	Tjaldur	104	Tyrkjadúfa
13	Rauðhöfðaönd	59	Sandlóa	105	Snæugla
14	Ljóshöfðaönd	60	Fjalllóa	106	Brandugla
15	Gargönd	61	Gulllóa	107	Landsvala
16	Urtönd	62	Heiðlóa	108	Bæjasvala
17	Murtönd	63	Grálóa	109	Þúfutittlingur
18	Stökkönd	64	Vepja	110	Maríuerla
19	Brúnönd	65	Rauðbrystingur	111	Silkitoppa
20	Grafönd	66	Sanderla	112	Músarrindill
21	Taumönd	67	Spóatíta	113	Steindepill
22	Bláönd	68	Sendlingur	114	Svartþröstur
23	Skeiðönd	69	Lóupræll	115	Gráþröstur
24	Skutulönd	70	Rúkragi	116	Skógarþröstur
25	Hringönd	71	Dvergsnípa	117	Elrisöngvari
26	Skúfönd	72	Hrossagaukur	118	Hettusöngvari
27	Duggönd	73	Kanaduðra	119	Hnoðrasöngvari
28	Æðarfugl	74	Skógarsnípa	120	Gransöngvari
29	Æðarkóngur	75	Jaðrakan	121	Laufsöngvari
30	Straumönd	76	Lappajaðrakan	122	Peðgripur
31	Hávella	77	Spói	123	Hrafn
32	Hrafnsönd	78	Fjöruspói	124	Stari
33	Húsönd	79	Stelkur	125	Bókfinka
34	Hvinönd	80	Tildra	126	Auðnutittlingur
35	Hvítönd	81	Óðinshani	127	Fléttuskrikja
36	Toppönd	82	Þórshani	128	Sportittlingur
37	Gulönd	83	Kjóí	129	Snjótittlingur
38	Hrökönd	84	Skúmur		
39	Rjúpa	85	Stormmáfur		
40	Lómur	86	Sílamáfur		
41	Himbrimi	87	Silfurmáfur		
42	Sefgoði	88	Bjartmáfur		
43	Flórgoði	89	Hvítmáfur		

